

**SAFNASTEFNA Á SVIÐI
ÞJÓÐMINJAVÖRSLU**

fyrir árin 2003–2008



Menntamálaráðuneytið

júní 2003



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Safnastefna

*á sviði þjóðminjavörslu
fyrir árin 2003-2008*

*Menntamálaráðuneytið
Júní 2003*

Menntamálaráðuneytið : Rit 5

Júní 2003

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 560 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.mrn.stjr.is

Umbrot og
textavinnsla: Menntamálaráðuneytið

Kápuhönnun: ABX ehf.

Prentun: Prentsmiðjan Oddi hf.

© 2000 Menntamálaráðuneytið

ISBN 9979-777-01-X

Efnisyfirlit

Formáli	5
Inngangur	7
Tillögur.....	8
1. Söfnun	8
2. Skráning	8
3. Aðstaða til varðveislu.....	9
4. Forvarsla.....	9
5. Rannsóknir	9
6. Miðlun	10
7. Safnfræðsla.....	10
8. Kynningarstarf – markaðssetning	11
9. Gæðakröfur - viðurkenning.....	11
10. Fjármögnun – nýjar leiðir	11
11. Menntun - endurmenntun.....	12
Greinargerð með tillögum.....	13
1. Hugtök - Afmörkun.....	13
1.1 Safn, setur, sýning	13
1.2 Skyldur og hlutverk samkvæmt lögum	14
2. Staða og framtíðarsýn	14
2.1 Skipulag, eignarhald, safnsvæði og söfnunarsvið.....	15
2.2 Fjármögnun og rekstrarfé.....	15
2.3 Starfsfólk og starfsaðstæður.....	16
2.4 Menntun safnmanna og endurmenntun.....	17
2.5 Gæði í safnastarfi	18
2.6 Kynningarstarf - markaðssetning.....	19
Safnastefna 2003-2008.....	21
Söfnun	21
Skráning	23
Varðveisla	24
Rannsóknir	24
Miðlun	25
Lokaorð	26
Fylgiskjal 1 - könnun	28
Bréf þjóðminjavarðar	28
Könnun um minjasöfn og sýningar.....	29
Fylgiskjal 2 – Fundir	31
Fylgiskjal 3 - Minjasöfn.....	34
Samantekt um íslensk minjasöfn	34
Byggðasöfn	35
Sérsöfn	38
Einkasöfn - Opin almenningi	41
Setur og sérsýningar.....	42

Formáli

Menntamálaráðuneytið ákvað í júlí árið 2000 að fela Þjóðminjasafni Íslands að hafa forystu um mótun stefnu í minja- og safnamálum. Af því tilefni kom þjóðminjavörður á fót stýrihópi til að fara með umsjón verkefnisins. Í hópnum sátu:

Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður, formaður.

Gísli Sverrir Árnason, forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar.

Sigríður Sigurðardóttir, safnstjóri Byggðasafns Skagfirðinga.

Sigrún Ásta Jónsdóttir, forstöðumaður Byggðasafns Suðurnesja og fulltrúi FÍSOS.

Porgeir Ólafsson, deildarstjóri Lista- og safnadeildar menntamálaráðuneytis.

Dr. Guðrún Helgadóttir, Hólaskóla, ráðgjafi stýrihóps.

Frosti Jóhannsson, verkefnisstjóri Sarps, Þjóðminjasafni Íslands, ritari.

Hópurinn vann drög að stefnu, ásamt greinargerð, sem kynnt var hagsmunaaðilum með ósk um ábendingar og umsagnir. Þjóðminjavörður boðaði til fundar á hverju minjasvæði með fulltrúum safna og sveitarfélaga þar sem meginhugmyndir skýrslunnar voru kynntar og ræddar. Í kjölfarið var sveitarfélögum og safnmönnum sendur spurningalisti og drög til yfirlstrar. Í fylgiskjölum með skýrslunni er könnun stýrihópsins, greinargerð um fundi um safnamál í öllum minjasvæðum landsins og samantekt upplýsinga um íslensk minjasöfn.

Með skýrslunni er fylgt eftir nýjum safnalögum nr. 106/2001 og nýjum þjóðminjalögum nr. 107/2001, en hún er jafnframt lögð fram á merktum tímamótum. Sameinuðu þjóðirnar ákváðu að árið 2002 væri helgað varðveislu menningarminja, sem eru sameign alls mannkyns, því þrátt fyrir að menn geri sér æ betur ljóst hve mikil auðlegð felst í fjölbreytileika menningarhópa og -svæða er nauðsyn að vekja athygli á og örva skilning og virðingu fyrir ólíkum menningarheildum. Um þessar mundir er unnið að undirbúningi opunar nýrra meginsýninga Þjóðminjasafns Íslands. Þar er verið að leggja mikilvægan grunn að safnastarfi á sviði þjóðminjavörslu í landinu. Síðast en ekki síst er að geta þess að á þessu ári eru 140 ár liðin frá því að Fornminjasafn, síðar Þjóðminjasafn Íslands, var stofnað. Það fer því vel á því að hefja nýja sókn í minjavörslunni á afmælisári.

Garðabæ í mars 2003,

Margrét Hallgrímsdóttir,
þjóðminjavörður

Inngangur

Í 4. gr. safnalaga nr. 106 /2001 er safn skilgreint þannig:

„Safn er samkvæmt lögum þessum stofnun, opin almenningi, sem hefur það hlutverk að safna heimildum um manninn, sögu hans, umhverfi og náttúru landsins, standa vörð um þær, rannsaka, miðla upplýsingum og hafa þær til sýnis svo að þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar.“

Með öðrum orðum, hlutverk safna er að varðveita menningararf þjóðarinnar og tryggja að almenningur geti notið hans.

Um miðja 20. öld voru mörg minjasöfn sett á fót og hafin söfnun muna úr gamla bændasamfélaginu. Oft var söfnunum valinn staður í friðaðri byggingu, enda hvöttu þáverandi þjóðminjalög til þess. Markmiðið var að varðveita einkenni þess samfélags sem umbyltist með iðnvæðingu. Framan af var safnkosturinn allur til sýnis. Safnið var einskonar opin geymsla. Þannig urðu til fastasýningar sem margar hverjar stóðu óbreyttar í áratugi. Fyrir vikið fengu söfnin á sig þá ímynd að þar væri allt við það sama ár frá ári. Á síðustu áratugum 20. aldar hefur starfsemi safna tekið miklum breytingum. Hún er orðin fjölbreyttari í takt við meiri kröfur og væntingar.

Þjóðminjalög frá 1989 ýttu undir breytta starfsemi minjasafnanna og fátt var meira rætt meðal safnmanna en nauðsyn þess að byggðasöfnin settu sér stefnu í söfnunar- og sýningamálum. Í kjölfarið voru víða unnar nýjar sýningar þar sem valið var úr safnkostinum með ákveðin markmið um fræðslu og afþreyingu í huga. Í sumum tilvikum var byggt nýtt húsnæði og nokkur safnanna réðu til sín háskólamenntaða forstöðumenn og sérfræðinga á ýmsum sviðum. Breyttar áherslur í söfnun og sýningahaldi urðu greinilegar, en svigrúm til rannsókna og forvörslu er lítið og allt of fá minjasöfn hafa viðunandi safngeymslur. Mjög mikilvægt er að söfnin nái að efla þessa þætti í starfseminni því þeir eru kjölfesta í því ferli rannsókna og miðlunar sem lögð er áhersla á í ákvæðum laga um minjavernd og í stefnumarkandi skýrslum s.s. Menningarmál á landsbyggðinni og um Menningartengda ferðaþjónustu sem menntamálaráðuneyti og samgönguráðuneyti birtu árin 2000 og 2001.

Sú safnastefna sem hér er kynnt lýsir átaki um að efla grunnþætti safnastarfsins og fara nýjar söfnunarleiðir með samstilltu átaki minjasafnanna.

Tillögur

Uppbygging safna er í raun stutt á veg komin því þau hafa lengi búið við of þröngan kost og takmarkaða möguleika til að sinna hlutverki sínu. Þörf er á landsátaki í ákveðnum grundvallarþáttum safnastarfsins og aðalmarkmið minjavörslunnar á næstu fimm árum, 2003 til 2008, ættu að vera þau að:

Efla tengsl Þjóðminjasafns Íslands sem höfuðsafns við byggða- og minjasöfn um land allt þannig að þau myndi samstarfsnet um minjavörslu undir forystu þess.

Auka fagmennsku safnanna á öllum verksviðum þeirra: Söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknunum og miðlun.

Koma á aukinni samvinnu og samstarfi milli safna og við aðrar menningarstofnanir hérlandis og erlendis. Fjölga safngestum, efla fræðsluhlutverk safnanna og gera þau virkari þátttakendur í ferðaþjónustu.

Auka rekstrarfé safnanna með öllum ráðum, finna nýjar tekjuleiðir og hagræða í rekstri þar sem því verður við komið.

Í skýrslunni eru mótaðar leiðir til að leysa vandamál við einstakra málaflokka minjavörslunnar og settar fram tillögur um framkvæmd þeirra.

1. Söfnun

Skilgreint hlutverk íslenskra minjasafna kallar á samræmingu þriggja þátta í stefnumótun um söfnun muna; söfnun innan fagsviða, söfnunarstefnu safna og samtímavarðveislu. Forsendur hennar eru að:

Litið verði á landið sem sameiginlegan starfsvettvang.

Komið verði á viðtæku samstarfi og verkaskiptingu milli minjasafna, fyrirtækja og Þjóðminjasafns Íslands um söfnun.

Gert verði átak í söfnun og skráningu samtímamínja.

Ráðinn verði verkefnisstjóri söfnunarstefnu á sviði þjóðminjavörslu árið 2004.

2. Skráning

Vönduð og aðgengileg skráning er ein af grundvallarforsendum safnastarfs. Þróaður hefur verið sameiginlegur gagnagrunnur minjavörslunnar í því skyni að: 1) staðla og samræma skráningu, 2) bæta aðgengi að upplýsingum um muni og aðrar menningarsögulegar heimildir og 3) tryggja sem besta og öruggasta varðveislu upplýsinganna með nútímataekni. Gagnagrunnur þessi ber heitið Sarpur og lagt er til að minjasöfn gerist aðilar að honum á tímabilinu 2003-2008. Mælt er með því að:

Söfnin fái fjarvinnslustöðvar sem reynslu hafa af innslætti fyrir Þjóðminjasafn Íslands til að vinna að tölvufærslu þess efnis sem er í handskrifuðum eða vélrituðum skráum.

Komið verði upp sérhæfðum starfsmönnum á vegum rekstrarfélagsins Sarps, sem taka að sér frumskráningu fyrir söfnin.

Mikilvægt er að starfsmenn þeirra safna sem sinna fullri skráningu fái viðeigandi þjálfun.

3. Aðstaða til varðveislu

Sýningar safna eru eins og toppur á ísjaka. Meginhluti safnkosts hverju sinni er ósýnilegur í geymslu, sumir gripir þarfnast forvörslu, aðrir bíða sýninga og eru viðfangsefni rannsókna af ýmsu tagi. Þar sem söfnin hafa sýningar og aðra starfsemi í friðlýstum húsum leggur það þeim miklar skuldbindingar á herðar og takmarkar jafnframt svigrúm til ákveðinna þátta safnastarfsins. Aðstaða til að forverja og varðveita hluti er víðast mjög ófullkomin, jafnvel svo að safnkosti er hætt við skemmdum. Augljóst er að við slíkar aðstæður geta mikil verðmæti farið forgörðum. Lagt er til að:

Safnaráð í samvinnu við safnmenn setji fram gæðastaðal fyrir safngeymslur þar sem fram koma lágmarkskröfur um aðstöðu til að varðveita og forverja safnmuni sem ekki eru í sýningu hverju sinni.

Kröfur um varðveislu/forvörslu endurspeglar í úthlutunarreglum Safnaráðs fyrir Safnasjóð.

Fé verði varið til átaks í uppbyggingu og endurbótum safngeymsla. Unnið verði að undirbúningi og kynningu um nýjar varðveislukröfur á árunum 2003-2004 og stefnt að því að þær taki gildi árið 2006. Gert verði ráð fyrir fjármunum til þessa verkefnis í fjárlögum frá Alþingi og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga árin 2004-2008.

Tryggt verði að í samningum, um nýtingu og varðveislu húsa í Húsasafni Þjóðminjasafns Íslands, milli Þjóðminjasafns og þeirra stofnana sem hafa afnot af húsum í Húsasafninu, felist nægilegt fjármagn til viðhalds og reksturs húsanna.

4. Forvarsla

Ljóst er að forvarsla hefur setið á hakanum hjá öllum minjasöfnunum og í þeim efnum er þörf átaks á landsvísi. Aðkallandi er að:

Þjóðminjasafn Íslands ráði til starfa forvörð sem meti þörf fyrir forvörslu á minjasöfnum landsins, áætli útgjöld vegna hennar og annist brýnustu forvörsluverkefni.

Gerð verði áætlun um hvernig þessum málum verði best fyrirkomið á grundvelli niðurstöðunnar.

Stofnaður verði bátaviðgerðarsjóður til að taka á brýnustu verkefnum sjóminjasafnanna.

5. Rannsóknir

Rannsóknir innan þjóðminjavörslunnar taka til margra sviða, svo sem handverks og tækni, byggingalistar, sagnfræði, þjóðháttfræði, fornleifafræði, þjóðfræði, mannfræði, efnafræði og fleira. Rannsóknir á safnkostinum eru í eðli sínu þverfaglegar, fela í sér mikla sérhæfingu og kalla á víðtækt samstarf. 4. gr. safnalaga nr.106 /2001 og 3. gr. þjóðminjalaga nr.107/2001 kveða á um rannsóknarskyldu minjasafna sem hafa í reynd ekki bolmagn til að sinna henni nema með aðstoð.

Nauðsynlegt er að tryggja að byggða- og sérsöfn landsins hafi svigrúm til að sinna rannsóknum á safnkostinum.

Efla þarf rannsóknir á menningarminjum almennt og leggja áherslu á byggingasögulegar rannsóknir í tengslum við viðhald húsa í Húsasafni Þjóðminjasafns Íslands.

Gera þarf þrjúþætt áttak í rannsóknum: með rannsóknarnámi, með rannsóknarsjóðum og með fjárveitingum til skilgreindra rannsóknarverkefna byggða- og sérsafna.

Auka þarf rannsóknatengt háskólanám.

Byggja þarf ofan á þann grunn sem Kristnihátíðarsjóður hefur lagt með fjármögnun ýmissa rannsókna og tryggja framhald fjármögnunar til rannsókna á þessu sviði.

6. Miðlun

Söfnin miðla efni sínu einkum með sýningum. Þær þarf að efla og þróa til að örva endurnýjun og nýsköpun þekkingar. Góður kostur væri að leita samstarfs við menntastofnanir og fyrirtæki um þróunarverkefni sem byggja á því að samþætta hefðbundnar aðferðir og hátækni. Lagt er til að:

Styrkt verði fjölbreytt miðlunarstarf á vegum safnanna og varið meiri fjármunum til sýninga.

Söfn verði hvött til að leita leiða og samstarfsaðila til nýsköpunar í sýningastarfi.

Meginsýning Þjóðminjasafns Íslands verði til fyrirmyndar í sýningargerð og miðlun, veki áhuga almennings og vísi til þess menningararfs sem söfn landsins varðveita.

Komið verði á samstarfi höfuðsafns og byggðasafna um sýningar á landsbyggðinni.

7. Safnfræðsla

Einn mikilvægasti þáttur þeirrar þjónustu sem söfnin veita samfélaginu er safnfræðsla, þ.e. móttaka nemenda á söfnum, leiðsögn um sýningar og aðstoð við að afla þekkingar um safnkostinn t.d. með verkefnum og ráðgjöf. Hægt væri að stuðla að auknu samstarfi safna og skólastofnana með gæði safnfræðslu að leiðarljósi.

Fulltrúar minjavörslunnar og stofnana sem mennta kennara, eins og Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Kennaraháskóli Íslands og Listaháskóli Íslands, ættu að móta tillögur um nám safnmanna og kennara á sviði safnfræðslu.

Minjasöfnin ættu að efla safnfræðslu og fá kennaranema til að útbúa námsefni um söfn og sýningar. Safnaráð ætti að leita til menntamálaráðuneytis og Nýsköpunarsjóðs námsmanna um að veita þessu verkefni brautargengi árin 2004-2006.

Minjasöfnin ættu að stefna að ráðningu safnkennara, hvert fyrir sig eða í samvinnu sín á milli, við setur eða aðrar stofnanir á starfssvæðum sínum.

8. Kynningarstarf – markaðssetning

Mikilvægt er að kynna almenningi þjónustu safnanna og tryggja að sem flestir fái notið þeirra. Eftirfarandi tillögur lúta að því að nýta söfnin betur og vekja athygli á þeim:

Minjasöfnin ættu að tengjast kynningarstarfi ferða- eða atvinnumálafulltrúa eftir því sem kostur er. Því er beint til Félags safna og safnmanna að hafa frumkvæði um þetta atriði við Félag ferðamálafulltrúa, með það fyrir augum að söfn og ferðaðjónusta samþætti náttúruleg sérkenni og menningu hvers landshluta og mótandi áhrif náttúru á mannlíf og sögu að fornu og nýju. Verkefnið verði kynnt árið 2004 og tillögur um framkvæmd unnar árið 2005.

Minjaráðin verði hinn formlegi opinberi samstarfsvettvangur byggðasafnanna og að þau hafi samráð og samvinnu við minjaverði um kynningu menningarminja á starfssvæðum þeirra. Einnig ættu söfn, setur og sýningar innan hvers minjasvæðis að gera samning um sameiginlega kynningu og faglegt samráð.

Komið verði á samstarfi safna sem sinna afmörkuðum söfnunarsviðum varðandi útgáfu bæklinga og einstakar kynningar. Dæmi um þetta eru sjóminjasöfnin sem eru að vinna að sameiginlegri ímynd og útgáfu sjóminjakorts.

Tekið verði upp sameiginlegt tákn menningarminjasafnanna.

Gefinn verði út safnapassi, sem leiði gesti á öll söfn í landinu.

Óskað verði eftir því við ICOM (Íslandsdeild Alþjóðaráðs safna) að uppfæra og endurútgefa handbók um söfn frá 1993, með stuðningi Safnaráðs.

9. Gæðakröfur - viðurkenning

Grundvöllur þeirrar stefnu sem hér er mótuð eru gæði starfseminnar. Lagt er til að gerðar verði ákveðnar gæðakröfur um starfsemi safnanna sem verði forsenda þess að þau fái rekstrarstyrk úr safnasjóði. Dæmi um þau skilyrði sem Safnaráð þarf að setja eru t.d.: Að safn hafi starfsmann sem sinni grunnatriðum safnastarfsins, að það sé aðgengilegt og opið almenningi, að það hafi fjárhagslegan starfsgrundvöll og/eða sé í lykilhlutverki varðandi söfnun og minjavörslu á sínu svæði eða sviði og starfi í samræmi við settar reglur.

Móta þarf kröfur um fagleg vinnubrögð við öflun upplýsinga og skráningu, fullnægjandi varðveisluskilyrði og miðlun, bæði veftæk og í sýningum. Fjárhagslegar forsendur verða að vera til staðar.

Safnaráð útfæri gæðakröfur í verklagsreglum fyrir árslok 2003 og að samþykkt stofnskrá, sem uppfylli kröfur Safnaráðs, verði skilyrði fyrir veitingu rekstrarstyrkja.

10. Fjármögnun – nýjar leiðir

Helsta vandamál safnanna er viðvarandi fjárskortur og því er áriðandi að vinna að fjármögnun allra rekstrarþátta.

Árið 2004 verði unnið markvisst að því að treysta rekstrargrundvöll safna m.a. með fræðslu til safnmanna um rekstur, fjármögnun, markaðsmál og öflun stuðnings- og kostunaraðila.

Því er beint til ríkis að efla Safnasjóð verulega og til sveitarfélaga að styrkja störf minjasafna í samræmi við auknar kröfur sem gerðar eru til þeirra.

Því er einnig beint til eigenda safnanna að meta nauðsynlegan kostnað við grunnstarfsemi þeirra og gera langtímaáætlanir um fjármögnun.

Rekstrarfé safnanna verði nýtt enn betur með víðtæku samstarfi, m.a. um söfnun, skráningu, geymslur og markaðssetningu.

Stefna að auknu samstarfi safna og þátttöku atvinnulífsins.

Leggja áherslu á að fjölga safngestum til að auka tekjur af aðgangseyri, með sameiginlegu átaki safna, stofnana og fulltrúa ferðaþjónustunnar.

11. Menntun - endurmenntun

Það háir nokkuð þróun safnastarfs að sérhæfð menntun á þessu sviði er takmörkuð hérlandis. Fagþekkingu starfsmanna safnanna þarf að auka. Lagt er til að bætt verði úr menntunarmálum safnmanna með eftirfarandi hætti:

Að kannað verði hvort raunhæft sé að koma því í kring að grunnnám og endurmenntun innan Háskóla Íslands verði sniðið að þörfum minjasafna. Þjóðminjavörður hafi frumkvæði að viðræðum við forsvarsaðila Háskóla Íslands með þessar hugmyndir að leiðarljósi.

Farskóli Félags íslenskra safna og safnmanna verði efldur, m.a. með stuðningi Þjóðminjasafns Íslands og honum verði gert kleift að sinna enn betur endurmenntun safnmanna.

Hlutverk safna í menningartengdri ferðaþjónustu verði eflt með því að bjóða upp á nám í móttöku ferðamanna fyrir starfsfólk safna og minjastaða. Kanna þarf hvort forráðamenn Ferðamálabrautar Hólaskóla, sem sinnir kennslu í menningartengdri ferðaþjónustu fyrir ferðamálafræði við Háskóla Íslands, væru tilbúnir til að taka þetta að sér í samvinnu við þjóðminjavörsluna í landinu.

Gerðir verði samstarfssamningar við ofangreinda aðila um framboð á menntun og endurmenntun fyrir starfsfólk safna á árunum 2003-2004. Lagt verði mat á framkvæmd tillagnanna árið 2007.

Greinargerð með tillögum

1. Hugtök - Afmörkun

Safnalög nr. 106/2001 gilda um söfn landsins. Samkvæmt 2. gr. þeirra nær hugtakið minjasafn bæði til menningar- og náttúruminjasafna. Menningarminjasafn hefur mjög víðtækum skyldum að gegna hvað varðar söfnun, skráningu, rannsóknir, varðveislu og forvörslu auk miðlunar upplýsinga um menningarminjar. Þótt starfsemin sé ólík eftir viðfangsefnum og söfnunarflokkum eru rekstur og stjórnun, safnfræðsla og forvarsla þeim öllum sameiginleg. Hin ólíku viðfangsefni greina söfnin þó að og rétt er að marka stefnu fyrir hvern safnaflokk á grundvelli safnalaganna.

Samkvæmt 5. gr. safnalaga nr. 106/2001 eru höfuðsöfn, eins og Þjóðminjasafn Íslands, miðstöð safnastarfsemi hvert á sínu verksviði og ber að vera öðrum söfnum til ráðgjafar og stuðla að samvinnu þeirra og samræmdri safnastefnu.

Þessi stefnumótun tekur til menningarminjasafnanna. Þjóðminjasafnið, byggðasöfnin og önnur minjasöfn eru eitt samstarfsnet þar sem Þjóðminjasafninu er ætlað forystuhlutverk. Starfsvettvangur þeirra er varsla og rannsóknir muna og minja í landinu, en skv. málvenju eru þau nefnd minjasöfn og skiptast í byggða- og sérsöfn. Það starfa ekki öll á sömu forsendum ef litið er til starfsskyldu, -svæða og söfnunarstefnu. Þjóðminjasafn Íslands og byggðasöfnin eru hluti þess stoðkerfis samfélagsins sem gegnir, ásamt Fornleifavernd ríkisins, Húsafríðunarnefnd ríkisins og Örnefnastofnun, opinberum skyldum í minjavernd, en sérsöfnin helga sig völdum söfnunarflokkum, svo sem sjóminjum, heimilisiðnaði, o.s.frv.

1.1 Safn, setur, sýning

Ástæða er til að ítreka greinarmun á safni, setri og sýningu.

Sýning sem blasir við gestum er hluti af starfsemi safns eða seturs, en getur verið sjálfstæð rekstrareining.

Setur hafa að jafnaði ekki skyldum að gegna á sviði söfnunar og varðveislu, þó um rannsóknir og miðlun geti verið að ræða. Yfirleitt bjóða þau upp á sýningar sem tengjast viðfangsefnum þeirra.

Söfn eru fyrst og fremst og þjónustustofnanir. Meginhlutverk þeirra er að varðveita, rannsaka og miðla menningararfinum. Með starfsemi sinni eru mikilvægar undirstöður fyrir starf annarra aðila s.s. skóla, fræðimanna, fræðasetra, sýninga og ferðaþjónustuaðila.

Í könnun stýrihóps, sem send var til fulltrúa safnastjórna og sveitarfélaga, kom fram að 75% töldu að fjölgun sýninga væri fyrirhuguð og 35% að ný söfn væru fyrirhuguð á þeirra svæði. Mikilvægt er að slíkum hugmyndum sé framfylgt á grundvelli safnastefnu og í samráði við þjóðminjavörð, minjaráð og starfandi byggðasöfn á viðkomandi svæði.

Mikilvægi menningarstofnana fer vaxandi, enda er það ásetningur íslenskra stjórnvalda að halda vörð um íslenska menningu og gera landsmönnum og gestum kleift að njóta hennar og nýta. Benda má á Staðardagskrá 21, stefnumörkun um sjálfbæra þróun íslensks samfélags, sem dæmi um

heildarstefnu sem felur það markmið í sér. Í umræðu dagsins ber hátt menningar- og náttúrutengda ferðaþjónustu, sem bætist við hið mikla þjónustuhlutverk sem söfnin hafa gagnvart fólki á öllum aldri. Ef litið er t.d. til formlegs hlutverks byggðasafnanna, að sinna menningararfi síns byggðarlags, er ljóst að hlutverk þeirra er beinlínis að halda utan um og taka þátt í að skapa ímynd og sjálfsmynd svæðisins.

1.2 Skyldur og hlutverk samkvæmt lögum

Ný safna- og þjóðminjalög kveða nánar en áður var gert á um skyldur allra minjasafna. Í 5. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 er hlutverk Þjóðminjasafns Íslands og minjasafna skilgreint þannig: „Að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar, svo sem forngrípi, kirkjugrípi, listmuni, nytjahluti, svo og myndir, hljóðritanir og skráðar heimildir um þjóðhætti og kynna þær almenningi, innanlands og utan.“ Í sömu grein segir að byggðasöfnunum beri að leggja áherslu á söfnun og sýningu muna sem telja má einkennandi eða hafa sögulegt gildi fyrir hlutaðeigandi byggðarlag eða landsfjórðung. Nauðsynlegt er að vinna að því að minjasöfnin nái að uppfylla skyldur sínar og vinna sameiginlega að markvissri minjavörslu í landinu. Til að það geti orðið þarf staða safnanna, mismunandi hlutverk þeirra, markmið og leiðir til úrbóta, að vera ljós þeim sem að minjavörslunni koma.

2. Staða og framtíðarsýn

Miklar vonir eru bundnar við ferðaþjónustu hérlandis á komandi árum og atvinnugreinin skilar þegar verulegum tekjum til þjóðarbúsins. Gerðar eru auknar kröfur um inntak, gæði og fagmennsku þess sem í boði er og koma þar ýmsar starfsgreinar og aðilar við sögu. Þar hafa minjasöfnin veigamiklu hlutverki að gegna því safnastörf eru mikilvæg undirstaða margháttæðs menningar- og þróunarstarfs og þar með ferðaþjónustu.

Starfsemi safna kallar á fólk með ólíka menntun og starfsreynslu. Á söfnum vinna faglærðir og ófaglærðir starfsmenn hlið við hlið. Þar nýtist háskólamenntun, starfsreynsla, sérþekking og ýmsir aðrir eiginleikar. Þar er unnið við grunnrannsóknir á sama tíma og safnkostinum er hagrætt í geymslum, unnið er að sýningum eða markaðssetningu, veittar eru upplýsingar og þjónusta, en umfram allt er lögð áhersla á að rækta gott samband starfsmanna og almennings. Söfnin skapa fjölbreytni í atvinnulífi á starfssvæðum sínum því þau kaupa margvíslega þjónustu og vinnu iðnaðarmanna, sýningahönnuða og margt fleira.

Skólar og fræðslustofnanir hafa í vaxandi mæli sýnt áhuga á að tengjast starfsemi safnanna með hagsmuni nemenda á ýmsum skólastigum í huga. Þessu hlutverki safnanna þarf að mæta af alvöru. Sóknarfærin felast annars vegar í því að viðhalda þeim árangri sem náðst hefur og hins vegar í því að mæta þörfum og örva víðtækt safnastarf sem skapast með aukinni eftirspurn eftir fróðleik um sögu og menningu þjóðarinnar. Þetta kallar á fagmannlega uppbyggingu innan minjavörslunnar, en ef ekkert verður að gert má búast við að sóknarfæri glatist.

2.1 Skipulag, eignarhald, safnsvæði og söfnunarsvið

Byggðasöfn bera ábyrgð á söfnun á afmörkuðum landsvæðum. Sér söfn ná að jafnaði til landsins alls. Í dag starfa eftirfarandi gerðir safna. Byggðasöfn eru 25 í eigu eins eða fleiri sveitarfélaga. Þau eru fulltrúar þeirra í minjavörslunni og ætlað að ná til byggðarlaga sveitarfélaganna. Sér söfn eru um 30 að tölu. Þau eru ýmist í eigu sveitarfélaga, stofnana eða félagasamtaka og halda utan um söfnun muna sem tengjast ákveðnum atvinnuháttum. Yfirleitt nær söfnun þeirra til stærri landssvæða en byggðasafnanna, jafnvel alls landsins. Þannig geta söfnunarsvið byggða- og sérsafna skarast. Auk upptalinnna safna eru a.m.k. 10 einkasöfn vítt um landið, opin almenningi, sem lúta ekki forystu höfuðsafns. Til viðbótar eru fjöldi safnvísa um allt land sem óvíst er hvað verður um. Sýningar og fræðasetur skjóta árlega upp kollinum, sum í nánnum tengslum við byggða- og sérsöfnin en önnur án nokkurra tengsla við þau. Æskilegt er að fagleg tengsl myndist við minjasafn í slíkum tilfellum. Í fylgiskjali nr. 3, má sjá yfirlit um þau söfn sem hér hafa verið nefnd, svæðin sem þau starfa á og áherslur varðandi söfnun.

Ef tekst að koma á samvinnu og verkaskiptingu eins og kynnt er í kafla um safnastefnu er ekki ástæða til að hrófla við núverandi skipulagi. Ástæður eru einkum fjórar:

Hefð er komin á eignarfyrirkomulag og fjármögnun.

Starfssvæðin munu breytast af sjálfu sér í takt við sameiningu og aukna samvinnu sveitarfélaga.

Ýmislegt bendir til að núverandi skipan sé heppileg með ný vinnubrögð í huga.

Mikilvægt er að byggja safnastarf á frumkvæði og áhuga á hverju svæði.

Núverandi starfssvæði safnanna kunna að vera heppilegar stærðir ef afmarka á söfnun einstakra menningarsviða eða söfnunarflokka við nokkrar „eyjar“ eða „sneiðmyndir“ í samfélaginu, sem ætla má að séu einkennandi með tilliti til ólíkra fræðilegra vídda. Ástæðan er sú að starfshættir og mannlíf síðustu áratuga er fremur einsleit. Ætla má að verkmenning, er t.d. tengist sjávarútvegi samtímans, sé mjög svipuð í flestum byggðalögum og þar með aðrir menningarþættir og -munstur er henni fylgja. Trúlega er því ekki ástæða til að rannsaka nema tvo til þrjá staði á landinu í þessu skyni.

Hins ber að gæta að um allt land er sterkur vilji fyrir að varðveita minjar um sögu viðkomandi byggðarlags, sbr. að mikill meirihluti þeirra er tóku þátt í könnun stýrihópsins töldu að nýjar sýningar væru fyrirhugaðar á þeirra starfssvæði.

2.2 Fjármögnun og rekstrarfé

Grunnstarfsemi minjasafna er að mestu leyti fjármögnuð með rekstrarfé sem eigendur þeirra leggja þeim til, auk eigin tekna. Mikilvægt er að gera ráð fyrir auknum kostnaði sem fylgir þjónustu safnanna við skóla og aðrar stofnanir og aðila í menningartengdri ferðaþjónustu. Safnasjóður hefur tekið við hlutverki Þjóðminjasafnsins varðandi úthlutun rekstrarstyrkja til minjasafnanna frá ríki, en einnig eru mörg dæmi um að söfn og safnatengd starfsemi fái beina ríkisstyrki á fjárlögum. Á þessu stigi er ekki mögulegt að setja fram áreiðanlegar tölulegar upplýsingar um þennan þátt safnastarfsins, þar sem Hagstofuna skortir frumupplýsingar frá söfnunum og fastan farveg

fyrir gagnaöflun þar að lútandi. Nánari sundurgreining talnaupplýsinga er brýn á þessu sviði og nauðsynlegt er að þetta verkefni verði unnið af Hagstofunni í samráði við Safnaráð hið fyrsta.

Eins og fram hefur komið segir fjárskortur til sín í starfsemi minjasafnanna. Forsendur aukinnar fagmennsku eru meiri tekjur og auknar fjárveitingar til starfseminnar. Samstarf og verkaskipting svo sem sameiginlegt upplýsingakerfi og samþætting og verkaskipting í söfnunarstefnu ættu að gera það að verkum að ráðstöfunarfé safnanna nýtist betur. Ef tekst að koma á samvinnu um söfnun í afmörkuðum verkefnum eru líkur á að auðveldara verði að fá stuðningsaðila og ef tekst að virkja fyrirtæki til minjavörslu á eigin vettvangi yrði það góð viðbót.

Umræða um rekstur safna verður ómarkviss nema fyrir liggi áreiðanlegar upplýsingar um helstu þætti starfsins og því er brýnt að afla upplýsinga um rekstrarfyrirkomulag minjasafna almennt. Mikilvægt er að fjölga gestum safnanna með öllum ráðum og því er nauðsynlegt að gott samstarf myndist milli safna og ferðaþjónustuaðila/-fulltrúa um aukið vægi minjasafna í móttöku ferðamanna. Söfnin ættu einnig að kanna hvort mögulegt er að fá stuðningsaðila til að fjármagna skráningu safnkostsins í rafrænu formi.

Efla þarf faglegt samráð fjárveitingavaldsins og þjóðminjavörslunnar og mikilvægt er að fjárveitingar til safna verði veittar í samræmi við faglegt mat og forgangsroðun.

2.3 Starfsfólk og starfsaðstæður

Í upphafi safnastarfs á Íslandi voru það helst áhugamenn og safnarar sem stofnuðu minjasöfnin. Þau nutu eljusemi þeirra og þekkingar á horfnum og hverfandi starfsháttum, en fæstir voru formlega ráðnir til starfans.

Í lok 20. aldar var í auknum mæli farið að ráða starfsfólk til safnanna á ársgrundvelli. Við þetta breyttust starfshættir þeirra. Nýtt starfsfólk kom úr ólíkum greinum. Fæst hafði sérhæfða menntun á sviði minjavörslu og safnastarfs, en flest var með háskólagráðu á skyldum sviðum.

Fagleg og félagsleg einangrun einkennir oft starfsvettvang safnmanna. Mörg söfn hafa einungis einum starfsmanni á að skipa og því er augin samvinna þeirra á milli afar mikilvæg. Faglegur umræðuvettvangur um málefni safna hefur farið fram á netfanginu safnlistinn@rvk.is. Póstlisti þessi hefur skipt miklu máli en hann kemur þó aldrei í stað persónulegra samskipta. Með því samstarfi sem hér er kynnt í framtíðarsýn fyrir minjavörsluna mun draga mjög úr faglegri einangrun safnmanna. Jafnframt munu tillögur um svæðasamstarf, miðlun og markaðsstarf leiða til aukins samstarfs við heimaaðila. Grundvöllur þessa er menntun safnmanna og endurmenntun.

Upplýsingar um starfsemi safna er að finna á vef höfuðsafnsins, Þjóðminjasafns Íslands www.natmus.is, Félags íslenskra safna og safnmanna www.safnmenn.is og á vef Íslandsdeildar ICOM - Alþjóðaráðs safna á www.icom.is. Einnig má nálgast stefnu margra safnanna á þeirra eigin heimasíðum.

2.4 Menntun safnmanna og endurmenntun

Fyrir frumkvæði safnmanna sjálfra hefur Farskóli safnmanna, sem rekinn er af Félagi íslenskra safna og safnmanna (FISOS), komið saman einu sinni á ári undanfarinn áratug og boðið námskeið og fyrirlestra um safnfagleg efni.

Önnur sérhæfð menntun á sviði safnastarfs er lítt aðgengileg hérlandis. Brýnt er að þar verði bætt úr með skipulögðum og markvissum hætti á komandi misserum og árum. Vandinn er tvíþættur, annars vegar skortir grunnmenntun og hins vegar skipulega endurmenntun fyrir starfsfólk safnanna.

Ýmsar menntastofnanir hafa námsframboð eða sérþekkingu sem nýta má og nauðsynlegt er að samstarf takist með þessum stofnunum og safnmönnum um aðgerðir til úrbóta. Hér verða nokkrir kostir nefndir varðandi grunnmenntun og er mælt með því að þeir verði kannaðir vel. Tvær leiðir eru hugsanlegar: 1) að byggja á núverandi námsframboði ákveðinna menntastofnana, eða 2) að byggja nám frá grunni með þátttöku fleiri aðila.

Fyrri kosturinn er að núverandi námsframboð verði sveigt að þörfum minjasafnanna. Í því efni er mikilvægast að kennsla í þjóðháttafræði (etnologi) verði eflað, einkum aðferðafræði, sem og safnfræði (museologi), sérstaklega í skráningar- og sýningartækni. Yrði þessi leið farin þyrfti jafnframt að semja um sérstaka endurmenntun. Í ljósi þess að formlegt nám í fornleifafræði verður í boði Háskóla Íslands á næstu misserum, er eðlilegt að koma af stað umræðu um samþættingu við það nám eins og víða tíðkast erlendis. Einnig mætti skoða hvort ekki er svigrúm innan kennaranáms, sagn- og þjóðfræði, fyrir námskeið sem nýtast minjasafnageiranum.

Annar möguleiki er vinna að því að stofnuð yrði sérstök námsbraut með þátttöku höfuðsafna, Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, Iðnskólans, Listaháskólans, Kennaraháskóla Íslands, Samvinnuháskólans og mögulega fleiri. Námsbrautin menntaði fólk til starfa á mismunandi söfnum, s.s. menningarmínjasöfnum, listasöfnum og náttúrumínjasöfnum, rekstrarfræðinga menningarstofnana, allt eftir áhuga nemenda, þörfum atvinnulífsins og áherslum á hverju sviði. Fyrst um sinn væri eðlilegt að leggja áherslu á safnageirann, en er fram líða stundir gæti námsbrautin t.d. með auknu samstarfi við aðra skóla, mætt víðtækari þörfum í menningargeiranum, m.a. varðandi menningartengda ferðaþjónustu, rekstur fræðasetra, menningarhúsa, ofl.

Miðað yrði við að nemendur lykju námi með BA-gráðu og gæfist kostur á að ljúka masters- eða doktorsprófi með samningum við erlenda háskóla sem bjóða nám í safnfræðum. Kostir þessarar leiðar er að námið yrði í nánnum tengslum við söfnin í landinu og auðveldara að bjóða upp á vinnutengt fjarnám. Þá væri hægt að gera kröfu um að forstöðumenn safna hafi lokið þessu námi eða stefndu í það. Ef sérstakri námsbraut yrði komið á gæti hún einnig mætt þörfum safnmanna um endurmenntun. Eðlilegt væri að höfuðsöfnin kæmu að kennslu við námsbrautina og hefðu þannig áhrif á mótun námsefnis.

Jafnframt þessu þarf umræðu um hlutverk og skipulag Farskóla Félags safna og safnmanna. Núverandi skóli hefur ekki forsendur til að bjóða upp á víðtæka endurmenntun. Með meiri stuðningi væri hægt að stofna til Farskólans tvisvar á ári og Þjóðmínjasafn Íslands gæti séð um skipulag hans í annað hvert skipti og boðið formlega endurmenntun.

Vert er að beina sjónum að þeim möguleika að byggja upp vissa þætti safnmenntunar á sérstakri námsbraut í framhaldsskólum. Þannig mætti t.d. mennta sérhæft fólk til tölvuskráningar menningarsögulegs efnis, jafnframt sem slíkt nám væri grunnur að háskólanámi. Þetta þarf að ræða við forsvarsmenn Námskrárdeildar og Framhaldsskóladeildar Menntamálaráðuneytis.

2.5 Gæði í safnastarfi

Ekki hefur farið fram heildarúttekt á söfnunarflokkum í minjasöfnum. Söfnin hafa beitt ýmsum aðferðum við söfnun og fæst hafa mótað söfnunarstefnu sína eftir viðurkenndri aðferðafræði. Svör við könnun stýrihóps gefa til kynna að söfnunarstefna sé óvíða fastmótuð, eða vel kynnt. Búast má við að víða sé í gangi tvíverknaður og hugsanlega eru einhverjar eyður í safnkosti þjóðarinnar, hvað varðar tíma og rúm. Þá er ljóst að söfnun og varðveisla samtímaminja, síðustu 20-30 ára, hefur verið í lágmarki. Með skráningu safnanna í upplýsingakerfið Sarp mun fást yfirsýn á þessu sviði.

Upplýsingaöflun um munina hefur stundum verið lítil og formleg skráning er brotkennd. Safnskrár eru oft takmarkaðar og uppfylla ekki þær kröfur sem gerðar eru í dag. Á meirihluta minjasafnanna er aðeins hluti þessara heimilda kominn á rafrænt form. Þetta dregur úr gildi safnanna og veldur vanda við túlkun og hvers konar miðlun. Þrátt fyrir þetta hafa verið unnar vandaðar rannsóknir á vegum margra minjasafnanna og settar upp merkilegar og mjög vandaðar sýningar.

Söfnin þurfa að fá þjónustu forvarða vegna viðgerða og varðveislu mynda og muna. Vegna nýrrar sýningar Þjóðminjasafns Íslands hefur verið gert mikið átak í forvörslu og hefur safnið fjölgað forvörðum sem vinna við forvörslu forngripa og annarra safnmuna. Starfsemi þessara fagaðila krefst sérhæfðrar aðstöðu, m.a. varðandi tækjabúnað, sem er kostnaðarsamur. Hingað til hafa minjasöfnin ekki haft fjárveitingar til að halda forverði eða kaupa þjónustu þeirra. Geymslur safnanna uppfylla oft ekki lágmarkskröfur varðandi t.d. raka, hitastig og öryggi, enda töldu 75% aðspurðra í könnun stýrihóps safngeymslur ófullnægjandi. Ef ekki verður leyst úr þessum vanda á allra næstu árum mun eitthvað af safnkosti þjóðarinnar eyðileggjast.

Þjónustu- og fræðsluhlutverk safnanna hefur vaxið á undanförunum árum og er víða viðamikill þáttur í starfsemi þeirra svo sem varðandi upplýsingaþjónustu, sýningar og kynningar af ýmsu tagi. Auk þess að miðla efniviðinum með sýningum hafa söfnin hingað til miðlað honum í skýrslum, námsefni, sýningarskrám og öðru útgefnu efni.

Til að tryggja að markmið um gæði safnastarfa náist þarf að gera strangar kröfur um starfsemi safnanna í anda þeirra skilyrða sem greint er frá í 10. gr. safnalaga og sem eru forsendur styrks úr safnasjóði. Eðlilegt er að Safnaráð taki frumkvæði og setji skilyrði fyrir veitingu rekstrarstyrkja.

Til að skilyrðum af þessu tagi sé fylgt er lagt til að mótuð verði viðmið eða reglur í anda 10. greinar Safnalaga (sjá einnig m.a. ICOM code of Professional Ethics og Spectrum: The UK Museum Documentation Standard og Grunnatriði safnastarfs 1. og 2. bindi). Samkomulag þarf að gera við eigendur safnanna, sem eru ríki, sveitarfélög og einkafyrirtæki, um að þau fylgi slíkum reglum.

2.6 Kynningarstarf - markaðssetning

Markaðssetning hefur verið með ýmsu móti. Oftast hafa söfnin auglýst hvert í sínu lagi, t.d. með einblöðungum, auglýsingum í ferðabæklingum og öðrum fjölmiðlum og á síðari árum einnig með vefsíðum. Dæmi eru þó um að söfn hafi tekið sig saman um markaðssetningu á ákveðnu svæði eða söfnunarflokki s.s. Söguslóð um Skagafjörð til Siglufjarðar, Safnapassi í Eyjafirði og sjóminjasöfnin. Einnig eru notuð tækifæri til tenginga við vefgáttir s.s. vefi markaðsskrifstofa landshluta, vef Þjóðminjasafnsins og vefi sveitarfélaga. Þjóðminjasafn Íslands og ICOM - Íslandsdeild Alþjóðaráðs safna hafa einnig gefið út samræmd kynningarefni á minjasviði.

Þótt unnið sé af fagmennsku að skráningu og varðveislu og vandað til framsetningar, er ekki tryggt að það heppnist að ná athygli markhópanna. Það er háð því hvernig staðið er að kynningarstarfi. Það er mikil vinna og tímafrek að sinna markaðsstarfi og það er ekki á hvers manns færi, enda sinnir sérmenntað og sérþjálfað fólk slíku starfi í dag í auknum mæli.

Markhópar safnanna eru heimamenn, erlent og innlent ferðafólk, skólafólk á öllum aldri, fræðimenn og áhugafólk um sögu og menningu. Hér er í raun um allan almenning að ræða, þótt fólk teljist til mismunandi markhópa eftir því hvort heimsókn þess tengist námi, starfi eða frístundum. Markaðsstarf safnanna verður því að vera töluvert víðtækt og tengjast markaðssetningu starfsvæða þeirra og viðfangsefnum að öðru leyti.

Markaðssetning safnastarfs og minjavörslu er hluti af menningartengdri ferðapjónustu, enda eru ferðamenn, innlendir sem erlendir, stór markhópur safna og annarra menningarstofnana. Í skýrslunni Menningartengd ferðapjónusta, bls. 13, er hún skilgreind þannig: „átt er við sérgreinda ferðapjónustu, sem gerir menningu að vörumerki sínu með mismunandi hætti og leggur áherslu á menningu þjóðar eða svæðis og skilgreinir það sem aðdráttarafl fyrir ferðamenn.“ Þetta fellur vel að markmiðum minjasafnanna.

Tillögurnar í öðrum kafla skýrslunnar um Menningartengda ferðapjónustu fjalla um stefnumótun og nauðsyn þess að fylgja þróunarferlinu frá rannsókn til miðlunar. Talað er um fimm ára aðlögunartímabil og má nýta þennan tíma t.d. til aukinna rannsókna, átaks í menntun starfsfólks ferðapjónustunnar á sviði íslenskrar menningar og að móta samstarfsvettvang minjavörslunnar og ferðapjónustunnar. Einnig er fjallað um markvissar þróunaráætlanir í menningartengdri ferðapjónustu og er ástæða til að taka undir þessa tillögu og bæta við að stefnumótun á minjasviði skuli vera liður í mótun slíkra áætlana. Þessar áherslur á stefnumótun og áætlanagerð eru samhljóða áherslunni á stefnumótun, sem lögð var í Skýrslu samstarfshóps um menningarstarf á landsbyggðinni, en sú skýrsla er einnig unnin í þeim anda.

Í markaðsstarfi er æskilegra að söfnin taki sig saman á ákveðnum svæðum fremur en að stofnað sé til samstarfs á landsvísi, t.d. með sameiginlegum markaðsstjóra. Eðlilegt er að tengja þess konar kynningarstarf starfsvettvangi ferða- og atvinnumálafulltrúa eftir því sem málum er skipað á hverjum stað. Jafnframt mætti hugsa sér samstarf á afmörkuðum sviðum á landsvísi t.d. varðandi bæklingaútgáfu og einstakar kynningar eins og safnadaginn sem hefð er komin á.

Ein af þeim tillögum sem fram hafa komið um menningartengda ferðapjónustu er að finna í Skýrslu samstarfshóps um menningarmál á

landsbyggðinni, sem gefin var út af Menntamálaráðuneyti haustið 2000. Tillaga 4.6 um menningartengda ferðapjónustu felur m.a. í sér hugmyndir um viðurkenningu fyrir faglega kynningu menningararfsins. Þessi hugmynd kemur einnig fram í skýrslu samgönguráðuneytis, Menningartengd ferðapjónusta. Sérstök viðurkenning, t.d. rétturinn til að nota ákveðið tákn eða merki við markaðssetningu, getur verið mikilvægt tæki í þróun vandaðrar markaðssetningar menningarminja í ferðapjónustunni.

Safnastefna 2003-2008

Hugtakið safnastefna vísar til markmiða og leiða í starfsemi safna á sviði þjóðminjavörslu almennt. Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir meginatriðum safnastefnunnar, sem felst í stefnumörkun í söfnun, skráningu, varðveislu og miðlun.

Söfnun

Með söfnunarstefnu er átt við aðferð við söfnun, val heimilda sem safnað er, m.a. hvernig staðið er að vali og söfnun muna og skriflegra, munnlegra og myndrænna upplýsinga. Þetta er fyrsti verkþáttur þess rannsóknarstarfs sem fram fer á söfnum og hefur mjög mótandi áhrif á aðra þætti rannsóknarvinnunnar sem og miðlunarmöguleika þeirra. Söfnunarstefna hefur einnig áhrif á samvinnu og verkaskiptingu safnanna og þar með skipulag þeirra. Söfnun og varðveisla þýðir ekki einungis að hverjum hlut sé haldið til haga í geymslu því skráning og lýsing er hluti varðveislunnar.

Aðalvandinn við söfnun menningarminja er að þora og kunna að setja takmörk. Það er ekki hægt að safna öllu. Söfnunarstefna snýst um það að setja þessi mörk út frá vandlega yfirveguðum viðmiðum, sem byggð eru á grunnmarkmiðum safnanna. Til að ná settum markmiðum þarf aðferðafræði, sem hugsuð er út frá starfsvettvangi minjasafnanna og viðmið skilgreind á grundvelli hennar. Skv. lögum ber byggðasöfnum að taka mið af sögu síns starfssvæðis, en jafnframt eru viðmið innan ákveðinna söfnunarflokka. Brýnasta verkefnið á þessu sviði nú er að móta stefnu sem nær til minjavörslunnar í heild.

Undanfarna rúma tvo áratugi hefur verið mótuð aðferð við söfnun menningarminja meðal norrænna minjasafna, sem skotið hefur föstum rótum á meðal fjölda safna í Skandinavíu og reyndar víðar í Evrópu. Aðferðin er upprunnin í Svíþjóð, yfirleitt kennd við Samdok, sem er stytting á Samtidsdokumentation og hefur hérlandis gengið undir nafninu samtímavarðveisla. Ekki verður fjallað sérstaklega hér um hvernig Samdokaðferðin er notuð erlendis, en bent á vefslóðina: <http://www.nordm.se/nm/samdok/samdok.html>.

Af niðurstöðum funda og könnunarinnar sem stýrihópur gekkst fyrir er greinilegt að vilji er fyrir því að samræma betur en verið hefur varðveislu og miðlun menningar- og náttúruminja þannig að menningarminjar sem vitnisburður um sambúð lands og þjóðar, menning, landshættir og náttúruferir verði órofa heild.

Nauðsynlegt er að fram fari þjóð- og þjóðháttufræðileg greining á helstu þáttum íslenskrar samtímamenningar. Í framhaldi þarf að slá hring utan um vissa menningarþætti eða „sneiðmyndir“ í samfélaginu með skírskotun til fortíðar eftir þörfum, sem talið er að skipti mestu máli að varðveita og miðla, m.a. vegna þess hve almennir og einkennandi þeir eru fyrir samfélagið í heild eða ákveðin byggðarlög. Æskileg rannsóknarsvið yrðu kynnt og þannig reynt að fá söfnin til að sinna þeim af eigin frumkvæði, en einnig er eðlilegt að leita til aðila sem hafa ástæður og forsendur til að vera með. Einnig þarf að hafa einstök fyrirtæki í huga. Viss stýring verður að vera til að skapa þá heildarmynd sem talin verður þörf á hverju sinni auk þess sem hér er um meðvitaða söfnun og fræðileg vinnubrögð að ræða. Stýringin yrði þó með óbeinum hætti fremur en beinum. Mikilvægt er að líta á landið/samfélagið sem sameiginlegan starfsvettvang. Ástæðan er m.a. sú að

frá því um miðja síðustu öld hefur dregið mjög úr sérkennum starfshátta og mannlífs frá því sem áður mátti marka. Þess vegna skiptir landshlutaskipting minna máli nú en áður. Rík ástæða er til þess að koma á auknu samstarfi og verkaskiptingu á landsvísu við söfnun og varðveislu. Söfnin þurfa einnig að huga sérstaklega að öðrum þáttum, svo sem að tryggja að heimildir/munir komi úr ólíku félagslegu umhverfi og af mismunandi tímaskeiðum. Í því ljósi er skynsamlegt að söfnin hafi samráð um söfnun samtímaminja.

Þegar einstök verkefni hafa verið valin kemur að því að móta í smáatriðum hvernig haga á heimildasöfnun samtímaminja. Þar má, til hliðsjónar, nefna nokkur megin viðmið:

Kanna hvaða upplýsingar eru þegar til staðar.

Megináhersla verði lögð á vandaða skráningu bæði skriflega og í Sarp til þess að fá skýra heildarmynd af söfnun og varðveislu.

Setja verður verkefninu markmið, gera kostnaðaráætlun með tilliti til þeirra og tryggja fjármögnun.

Velja skal samstarfsaðila m.a. með tilliti til starfssvæða þeirra sem rannsóknin miðast við sem og faglegrar þekkingar starfsmanna.

Leitast skal við að fá eins heildstæða mynd af þjóðlífinu og unnt er.

Upplýsingasöfnun skal taka mið af aðferð sem á að nota til miðlunar á efninu.

Skírskota skal til fortíðar ef ljóst þykir að varðveittar eru takmarkaðar upplýsingar um viðkomandi menningarþátt frá fyrri tíð á söfnunum.

Hafa skal samráð við höfuðsafn við val/söfnun muna sem hafa mikinn varðveislukostnað í för með sér. Velja skal einkennandi og táknræna hluti.

Nýta skal ljósmyndun, myndbandsupptökur og aðrar mögulegar aðferðir til upplýsingasöfnunar, ekki síst ef um t.d. stóra gripi er að ræða.

Leggja skal kapp á að safna munnlegum upplýsingum um muni sem fyrir liggja.

Hið safnaða efni skal skrá samhliða söfnun og vanda til þess.

Ákveða þarf í upphafi hvar á að varðveita það sem safnað er. Eðlilegt er að allt sé skráð í sameiginlegan gagnagrunn en velja verður safn hverju sinni til að varðveita muni og myndefni.

Forsenda þess að hægt sé að taka upp söfnunarstefnu undir merkjum Samdok-aðferðafræðinnar er að ráðinn verði verkefnisstjóri sem hafi umsjón með framkvæmd hennar. Sá verkefnisstjóri yrði starfsmaður höfuðsafs minjavörslunnar, Þjóðminjasafns Íslands. Einnig er lagt til að Þjóðminjasafn Íslands leggi ákveðnum verkefnum lið. Æskilegt er að sú þekking og reynsla sem þar er fyrir hendi verði nýtt, m.a. á sviði þjóðháttafræða við öflun munnlegra upplýsinga. Þannig myndi Þjóðminjasafnið geta sveigt hluta starfsemi sinnar að markmiðum samtímavarðveislunnar. Ljósmyndasafn Þjóðminjasafnsins væri einnig hægt að virkja í sama tilgangi við myndaöflun, ljósmyndatökur úr samtímanum. Þannig geta starfsmenn Þjóðminjasafnsins lagt einstökum verkefnum lið á margvíslegan máta, í samvinnu við starfsfólk minjasafnanna.

Þjóðminjasafn Íslands er einskonar yfirlitssafn. Á hverjum tíma eiga megininkenni íslenskrar þjóðmenningar frá landnámi til nútíma að speglast í sýningum þess. Þrátt fyrir það er ekki þar með sagt að Þjóðminjasafn Íslands þurfi að eiga og varðveita í geymslum sínum alla muni og heimildir sem þarf til að setja upp og viðhalda sýningunum. Ef tekst að byggja upp gott faglegt samstarf meðal minjasafnanna þannig að þau uppfylli gæðakröfur, m.a. varðandi geymslur, gæti Þjóðminjasafnið, sem og önnur minjasöfn, nýtt safnkostinn betur. Þjóðminjasafn Íslands verður að hafa aðgang að öllu efni sem safnað verður og því ætti að miða við að þau söfn sem vinna saman að samtímavarðveislu geri með sér samkomulag um samnýtingu þess. Auk þess verður aðgangur að heimildum sem varðveittar eru rafrænt sameiginlegur, ef þær verða skráðar í sameiginlegan gagnagrunn. Hér er átt við þjóðháttæfni, myndir og upplýsingar um safnmuni.

Verkefnisstjóri söfnunarstefnu yrði tengiliður Þjóðminjasafns Íslands og annarra safna hverju sinni með tilliti til mismunandi verkefna. Aðferðin er ákveðin skólun í þjóðfræði og safnfræði og gerir kröfur um fræðilegt samstarf og endurmenntun. Hlutverk verkefnisstjórans er einnig að virkja fyrirtæki á ákveðnum sviðum til að stunda meðvitaða varðveislu á eigin vettvangi og veita þeim ráðgjöf m.a. við val muna. Slíkt fyrirkomulag ætti að tryggja að heildir verði varðveittar í eðlilegu samhengi og jafnvel að dæmigerðum hlutum verði haldið betur til haga og byggt á sérþekkingu innan fyrirtækjanna. Þessi skipan mála myndi e.t.v. auðvelda aðgengi þeirra sem áhuga hafa á slíkum menningarminjum. Hvetja á fyrirtæki til að nota minjavörslu af þessu tagi til að styrkja ímynd sína og taka beinan þátt í samtímaminjavörslunni.

Pótt minjasöfn landsins tækju upp starfshætti í þessum anda á komandi misserum og árum hafa þau eftir sem áður skyldum að gegna við eldri safnkost. Brýnt er að koma skráningu í gott horf hvað varðar frágang og aðgengi og huga vel að varðveislu aðfanga. Það er m.a. liður í því að efla og auðvelda rannsóknir.

Skráning

Þjóðminjasafn Íslands hefur í samvinnu við Hugvit hf. unnið að uppbyggingu sameiginlegs, miðlægs gagnagrunns fyrir minjavörsluna í landinu. Kerfið nefnist Sarpur og gerð annarrar útgáfu er lokið. Búið er að stofna félag um rekstur kerfisins og dreifing er hafin. Auk gagna Þjóðminjasafns og minjasafnanna eru gögn Fornleifaverndar ríkisins, Húsafriðunarnefndar og Örnefnastofnunar skráð í grunninn. Með því fæst meiri hagkvæmni, aukin yfirsýn og miklir miðlunarmöguleikar. Gríðarlegt magn upplýsinga liggur fyrir á ýmsu formi og bíður þess að verða fært í grunninn. Áætlað er að í hann fari um 4 milljón færslur. Nú þegar eru þær um 500.000. Með þessu er hafið viðamikið starf sem miðar að því að fella saman heimildasöfn allra menningarminjasafnanna í „rafrænt þjóðminjasafn á landsvísu.“

Formlega ber minjasöfnum ekki skylda að gerast aðilar að Sarpi en æskilegt er að þau geti öll orðið það því það er forsenda þess að unnt verði að koma gögnum þeirra í aðgengilegt form og rennir styrkari stoðum undir allt rannsóknarstarf. Sameiginlegur miðlægur gagnagrunnur stuðlar að fagmennsku í starfsemi safnanna og því markmiði að minjavarslan í landinu sé einn starfsvettvangur. Ný tækni og breyttir starfshættir kalla á endurmenntun og nýtt vinnuskipulag. Skráningarstarf er sérhæfð vinna sem

byggist á þjálfun og reynslu hjá fólki sem starfar samfelldt við skrásetningu. Þess vegna er mælt með að minjasöfnin nýti fjarvinnslustöðvar sem hafa sinnt innslætti fyrir Þjóðminjasafn Íslands og að rekstrarfélagið Sarpur komi upp sérhæfðum starfsmönnum sem þjálfar og taka að sér frumskráningu fyrir söfnin. Það ætti að vera sameiginlegt keppikefli ríkis og sveitarfélaga að stuðla að skráningu í gagnagrunninn Sarp.

Varðveisla

Með varðveislu muna og mynda er bæði átt við forvörslu og geymslu þeirra til frambúðar. Markmið varðveislu er að tryggja að upplýsingagildi aðfanga haldist um alla framtíð, annað hvort í sýningarsal eða geymslu. Upplýsingar um munina og myndir af þeim eru hins vegar varðveittar í rafrænu formi og reyndar hafa ljósmyndasöfn þá sérstöðu að hægt er að vista afrit af sjálfri heimildinni.

Varðveislun þarfnast sérstakrar aðstöðu, annars vegar til forvörslu og hins vegar til að geyma muni og aðrar minjar við öruggar aðstæður. Í þessu sambandi er vert að benda á að viðhald mannvirkja er hliðstætt forvörslu safnmuna og því þarf einnig að huga að viðhaldi þeirra í átaki um forvörslu.

Þar sem safngeymslur eru ófullnægjandi liggja munir undir skemmdum og eyðileggjast á nokkrum árum eða áratugum. Móta þarf reglur í þessum efnum og taka mið af þeim við ráðstöfun fjármagns úr safnasjóði. Einnig mætti hugsa þær sem hluta af þeim skilyrðum sem sett verða fyrir viðurkenningu. Jafnframt verði gefnar út leiðbeiningar um gæðakröfur safngeymsla og annarra þjónustuhúsa fyrir söfnin.

Kröfur um fullnægjandi safngeymslur gætu þýtt að söfn komi sér upp sameiginlegum geymslum, og jafnvel að einkaaðilar sjái sér hag í að bjóða slíka þjónustu. Ljóst er að á næstu árum er þörf á miklu átaki til úrbóta á safngeymslum þannig að eigendur safnanna verða að gera ráð fyrir þeim kostnaði. Samstarf í slíku átaki gæti leitt til hagkvæmari lausna og betri nýtingar fjármagns.

Hluti af varðveislunni er forvarsla, sem er mjög sérhæfð vinna sem fáir eru menntaðir eða þjálfaðir til í dag. Söfn þurfa að kaupa þessa þjónustu. Eins og fram hefur komið er orðin brýn þörf á að stórauka forvörslu. Að hluta til er þessi þörf dulin þar sem söfnin hafa ekki getað keypt þjónustuna hingað til og annað hefur verið sett í forgang. Lagt er til að kannað verði í hversu miklum mæli söfnin telja sig hafa þörf fyrir forvörslu og hve miklum fjármunum þyrfti að verja til hennar árlega. Að því búi er mælt með því að farið verði í úrbætur í samræmi við tillögur 3 og 4 í upphafskafli skýrslunnar.

Rannsóknir

Rannsóknarstarf minjasafna hefst með mótun þeirra markmiða sem viðhöfð eru við söfnun muna og heimilda um menningarminjar og heldur áfram er upplýsingum er safnað og þær skrásettar. Ferlinu lýkur með túlkun efnisins hvort sem það er í formi sýningar, skrifum eða annarri miðlun og er nánar vikið að því í næsta kafla. Í ljósi þessa er safnastefna í raun ákveðið form rannsóknarstefnu.

Á bls. 8, í skýrslu Samgönguráðuneytis um Menningartengda ferðaþjónustu kemur fram að mörg svið íslenskrar menningar séu lítt rannsökuð í þágu

ferðaþjónustunnar. Það má leiða rök að því að rannsóknir á hinni efnislegu tilveru Íslendinga séu stutt á veg komnar og beri að efla þær, einkum í ljósi þeirrar lífseigu afstöðu að íslensk menning sé fyrst og fremst bókmening. Í þeirri skýrslu er lögð áhersla á rannsóknir og þróunarstarf og tillögur settar fram um nánara samstarf menningargeirans og ferðaþjónustunnar. Hér er bent á tækifæri fyrir minjavörsluna sem stofnunum á þessu sviði og eigendum þeirra ber skylda til að nýta.

Mannvirki eru hluti af safnkosti minjavörslunnar. Í þeim er fólgin merkilegur vitnisburður um handverk og tæknikunnáttu. Íslenskar torfbyggingar, tækni við torftöku og efnið sjálft eru einstakt á heimsvísu. Til að hægt sé að varðveita þann menningararf verður að rannsaka hann og hefja kennslu í handverkinu, auk miðlunar og fræðslu til almennings.

Það hamlar rannsóknum á safnkosti íslenskra minjasafna hve miklu er ólokið í skráningu. Skráning í sameiginlegan gagnagrunn auðveldar mjög allt rannsóknarstarf og veitir yfirsýn yfir hvað varðveitt er og hvað vantar. Rannsóknir eru forsenda þess að hægt sé að miðla upplýsingum um menningararfinn.

Miðlun

Söfnin eru þekkingarbrunnar íslensks þjóðfélag sem ausið verður úr í framtíðinni. Áhugi og þekking almennings er í réttu hlutfalli við nýtingu safnanna. Með betri nýtingu styrkjast möguleikar þeirra og starfsemin eflist. Það kemur öllum til góða. Hvort sem um rekstur safnanna er að ræða eða skilning almennings, aukna þekkingu eða rannsóknir til nýsköpunar.

Rannsóknarniðurstöðum er hægt að miðla með ýmsu móti, með: Sýningum, útgáfu í formi greina, bæklinga og bóka, á veraldarvefnum og fræðslu s.s. með fyrirlestrum eða námskeiðum. Aðferð við miðlun skiptir sköpum um hvort tekst að ná til ákveðinna markhópa. Sýningar eru meginmiðill safnmanna í þessum efnum og það kostar mikla fjármuni að byggja sýningarhúsnæði, setja upp frambærilega sýningu og viðhalda henni.

Nýir miðlunarmöguleikar í sýndarveruleika geta verið mikilvæg viðbót, en þróun þeirra er einnig kostnaðarsöm og lítil reynsla komin á þá. Ástæða er til að gera tilraun með sýndarveruleika áður en mælt er með því að þessi leið sé farin í miklum mæli, með þeim fjárfestingum sem óhjákvæmilega fylgja.

Aukin fjölbreytni í sýningagerð laðar að fleira fólk þannig að safnið fær meiri tekjur til að sinna skyldustörfunum og jafnframt vex þörf fyrir starfsmenn. Þessi þróun ætti að vera söfnunum hagstæð, svo fremi sem þess er gætt að grunnstarfsemin, s.s. söfnun og varðveisla, lúti ekki í lægra haldi fyrir miðlunarþættinum. Fari svo getur það leitt til stöðnunar í safnastarfinu.

Eitt af meginmarkmiðum minjasafna er að veita almenningi góða innsýn í sögu og menningu lands og þjóðar. Mikilvægi fræðslustarfs í söfnum eykst ár frá ári. Markmið þess er að efla sjálfstætt gildismat, vekja áhuga, vitund og þekkingu á minjum og menningararfi. Undir safnfræðslu flokkast öll fræðsla hvort sem það er leiðsögn, móttaka skólahópa, annarra hópa, eða einstaklinga. Safnfræðsla er fyrir alla. Söfnin eiga að hafa handbært fræðsluefni fyrir öll skólastig og almenning á öllum aldri. Mikilvægt er einnig að huga að fullorðinsfræðslu. Markmiðið er ávallt að gesturinn fari heim ánægður með nýja vitneskju og góða minningu í veginesti.

Heimur minjasafnanna er framandi og því skiptir vel skipulögð safnfræðsla miklu máli. Heimsókn í safn er og á að vera upplifun. Gestir á safnsýningum eru komnir í annan heim, sem þeir þurfa leiðsögn um. Það er safnanna að opna augu gesta sinna og fá þá til að upplifa arf kynslóðanna. Þeir sem starfa við safnfræðslu þurfa að kunna og vilja nota ýmis tæki til að miðla efninu til gesta sinna og geta mætt þörfum hinna ólíku hópa sem sækja safnið. Nemendur sem eru alls ókunnir þeirri veröld, sem fjallað er um í söguáfangi námsbókanna fá aðra sýn og skilja betur námsefnið. Hin sögulega þekking verður ekki einungis „orðin tóm“. Safnsýning getur verið öflugt ítarefni í hefðbundinni kennslu, en hana er einnig hægt að nýta sem sjálfstæða kennslueiningu. Mikilvægt er að safna- og skólafólk vinni sameiginlega að rannsóknnum um það hvernig sýningar geta nýst skólanemum á ólíkum stigum. Einnig er mikilsvert að nemendur á eldri skólastigum kynnist innra starfi safnanna og rannsóknaraðferðum þeirra. Til þess að safnfræðsla og skólastarf nái sem best saman er brýnt að jafnan sé opin umræða um námskrár og tengsl skólanna við safnastarfið. Koma þarf á stöðugu og formlegu sambandi milli þjóðminjavörslunnar og Námskrárdeildar menntamálaráðuneytisins.

Safnfræðsla getur farið fram á margvíslegan máta, í formi fyrirlestra, upplifunar og snertingar, í formi leikja og þrauta, þar sem foreldrar og börn taka þátt saman. Starfsmenn sem sjá um safnfræðslu taka á móti nemendum frá leikskólastigi til háskólastigs. Safnfræðsla er alltaf vandaverk því verkefni í hvaða mynd sem þau eru sett fram verða að vera sniðin að þroska hvers aldurshóps. Þau þurfa að vera skemmtileg og fræðandi og vekja áhuga. Safnkennari skipuleggur heimsóknir nemenda í samvinnu við kennara allra skólastiga, þ.e. leikskóla-, grunnskóla og framhaldsskóla. Taka verður mið af námsskrá hvers skólastigs, hvaða sýningarefni falla að náminu og óska kennara.

Þá ber að hafa í huga að starfsfólk, sem sinnir fræðslustarfi, þarf tíma til að þróa sitt starf og sinna því af alúð. Safnfræðsla er mjög krefjandi og lýjandi og því er afar nauðsynlegt að efla þátt safnastarfsins og samvinnu milli safnanna á því sviði.

Lokaorð

Mikilvægt er að sú stefnumótun sem hér er kynnt verði augljós og áþreifanleg bæði í starfi og ímynd minjavörslunnar. Kynning á þeim hugmyndum um safnastefnu sem hér koma fram er ein meginforsenda þess að hún verði farsællega framkvæmd. Hér eru kynnt ný stefnumið sem ætlað er að verða lykill að þróun og eflingu safnastarfs í landinu. Stýrihópurinn hefur farið yfir alla þætti safnastarfa í samráði við safnmenn, sveitarstjórnarmenn og fulltrúa ferðaþjónustunnar. Á annað hundrað manns tóku þátt í samráðsfundum stýrihópsins og 30 svöruðu spurningaskránum. Niðurstöður þeirra og vinna hópsins birtist hér í fimm ára safnastefnu fyrir byggða- og sérsöfnin 2003-2007.

Ný safnastefna á að vera vegvísir að framförum, sem söfnin geta þróað áfram í góðri samvinnu sín á milli og við aðra samstarfsaðila. Að mati þeirra sem að stefnumótuninni hafa komið er það einkum tvennt sem leggja þarf áherslu á í samstarfi safna og ferðaþjónustu, þ.e.:

1. *Minjar og saga að fornu og nýju.*
2. *Mótandi áhrif náttúru og minjaumhverfis á mannlíf.*

Að tengja umhverfi og menningu og koma sögu og sérkennum vel til skila verður ekki með góðu móti gert á einu einstöku safni, setri eða sýningarstað, heldur með því að móta og leggja „slóð“ sem leiðir fólk milli safna, sögustaða, setra og náttúruperla. Slík „slóð“ verður með engu móti gerð nema í samvinnu margra aðila, innan sama svæðis en einnig milli svæða og á landsvísu. Til þessa hefur samstarf safna verið takmarkað, en góð reynsla er þar sem það hefur verið reynt. Mikilvægt er að koma á formlegum samráðsvettvangi meðal safna innan hvers svæðis og á landsvísu. Samráðsvettvangur meðal sjóminjasafna í landinu og samráð og samstarf milli safna og annarra menningarstofnana á einstaka landsvæðum, sem þegar hefur verið komið á, geta verið fyrirmyndir frekara samstarfs.

Af árangri stefnumótunar um safnamál má ljóst vera að brýnasta og mest aðkallandi verkefni í safnamálum er aukið samstarf. Því er beint til Safnaráðs að safnasjóður beiti sér fyrir verkefnum sem leiða til og efla samstarf innan svæða og á landsvísu. Það gæti falið í sér hagnýta samvinnu, s.s. millisafnalán og starfsmannaskipti, samnýtingu sérhæfðra starfsmanna, samvinnu um markaðssetningu, samvinnu um auknar fjárveitingar, samvinnu um stefnumótun innan hvers svæðis eða viðfangsefnis, samvinnu á sviði rannsókna og sýninga og annan mögulegan samráðsvettvang. Væntingar eru meðal safna til Þjóðminjasafns Íslands sem höfuðsafns hvað varðar forystu um stefnumótun, sérfræðiráðgjöf, munalán og samstarf um rannsóknir og sýningar.

Af þessari safnastefnu má ráða að mikilvægt leiðarljós Safnaráðs geti verið að stuðla að: samstarfi safna, skýrari verkaskiptingu meðal safna, heildrænni hugsun í safnastarfi, sérfræðilegri ráðgjöf og skráningu samtímaminja.

Samvinna innan minjavörslunnar er lykilatriði safnastefnunnar, sem hér er lögð fram í tilefni árs menningarminja í aðildarlöndum menningarsáttmála Sameinuðu þjóðanna UNESCO. Þar ber hæst sýnilegt samstarfsnet safna á sviði þjóðminjavörslu með sameiginlegu tákni minjavörslunnar með forystu höfuðsafnsins, Þjóðminjasafns Íslands. Á þeim fundum sem haldnir voru í tengslum við þessa stefnumótun víða um land, kom fram greinilegur vilji til þess að fylgja eftir því sóknarfæri sem samstarfsnet minjavörslunnar er í hugum þeirra er það mynda. Það er von starfshópsins að þessi skýrsla skapi forsendur til þess.

Fylgiskjal 1 - könnun

Bréf þjóðminjavarðar

Menntamálaráðuneytið hefur falið þjóðminjaverði umsjón stefnumótunar á starfsviði sínu fyrir landið allt. Þjóðminjasafn er höfuðsafn fyrir minja- og byggðasöfn, sérsöfn og sýningar á forngripum og sögulegum minjum, og ber því að hafa frumkvæði og faglega forystu um þróun minjavörslu og miðlun menningararfs á þessu sviði.

Hluti af stefnumótunarverkefninu eru fundir á hverju minjasvæði til þess að leita beint eftir álit og hugmyndum sem flestra sem að safnamálum og minjavörslu koma og skapa umræðu um málaflokkinn. Sérstaklega er óskað eftir ábendingum um viðfangsefni er leitt gætu til fjölgunar starfa á þessu sviði og samstarfi við landbúnað, ferðaþjónustu og atvinnulífið almennt. Stefnt er að því að nýta þær hugmyndir og ábendingar sem fram koma sem grundvöll að tillögugerð til stjórnvalda.

Skýrsla samráðshóps um menningarmál á landsbyggðinni, sem menntamálaráðuneytið gaf út í október 2000 er höfð til hliðsjónar. Litið er á þessa vinnu sem beint framhald þeirrar stefnumótunar. Einnig eru hafðar til hliðsjónar hugmyndir sem fram koma í skýrslu nefndar um menningartengda ferðaþjónustu, sem Samgönguráðherra lét vinna, og kom út í ágúst 2001.

Í stýrihópi verkefnisins sitja:

Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður sem er formaður hópsins,

Gísli Sverrir Árnason forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar,

Sigríður Sigurðardóttir safnstjóri Byggðasafns Skagfirðinga,

Sigrún Ásta Jónsdóttir frá Félagi íslenskra safna og safnmanna og

Þorgeir Ólafsson deildarsérfræðingur lista- og safnadeild menntamálaráðuneytisins.

Frosti Jóhannsson, verkefnisstjóri Sarps á Þjóðminjasafni, er ritari stýrihópsins og Guðrún Helgadóttir menningarráðgjafi á Hólum er faglegur ráðgjafi.

Það er lykilatriði að þessi stefnumótun byggist á áreiðanlegum upplýsingum um stöðu mála og viðhorfum heimamanna um allt land. Því fer ég þess á leit að meðfylgjandi spurningalista verði svarað og hann sendur á eftirfarandi pósthfang:

Guðrún Helgadóttir
Hólar í Hjaltadal 551 Sauðárkrókur

Eigi síðar en 30. september n.k.

Virðingarfyllst,

Margrét Hallgrímsdóttir,
þjóðminjavörður og formaður stýrihóps

Könnun um minjasöfn og sýningar:

Athugið að spurningalistinn er sendur bæði starfsmönnum safna og öðrum aðilum að safnastarfinu. Því getur verið að þú hafir ekki svar á reiðum höndum við öllum spurningunum, og biðjum við þig þá að sleppa þeim. Í sumum tilfellum getur starfssvæði þitt náð til fleiri en eins safns, því er í spurningum talað um safn/söfn og biðjum við þig að strika yfir það sem ekki á við í þínu tilfelli.

1. Hvað af eftirtöldu lýsir best í hvaða hlutverki þú ert að svara spurningalistanum?
Safnamaður ____

Fulltrúi í sveitarstjórn og/eða menningarmálanefnd ____

Opinber starfsmaður (ekki starfsmaður safns) ____

Áhugamaður um safnastarf ____

2. Hvert er starfssvæði þitt? (Nefndu sveitarfélag/félög)

3. Hver eru helstu einkenni sögu starfssvæðisins?

4. Hverjir eru taldir merkustu fornmunir á starfssvæðinu?

5. Er fyrirhugað að fjölga minjasýningum (hér er ekki átt við endurnýjun sýninga á sýningarstöðum heldur nýjar sýningar) á svæðinu?

Já

Nei

6. Er fyrirhugað að fjölga söfnum á svæðinu?

Já

Nei

7. Hvar er við hæfi að hafa sýningar um sögu svæðisins (nefnið bæði sýningar sem þegar eru til og hugmyndir að sýningum)?

8. Hvar á starfssvæðinu ætti að staðsetja eftirfarandi þætti í safnastarfinu, sé litið til næstu 20 ára?

Rannsóknir: _____

Forvörslu: _____

Safnfræðslu: _____

Skráningar: _____

Sýningar: _____

Geymslur: _____

9. Varðandi safnið/söfnin á svæðinu, hvernig tengsl eru möguleg við önnur söfn/öðra starfsemi?

Sameining; hvaða safna: _____

Samvinna um rannsóknir við eftirtalda aðila: _____

Samvinna um kynningu/markaðssetningu við eftirtalda aðila: _____

Samvinna um forvörslu við eftirtalda aðila: _____

Samvinna um sýningar við eftirtalda aðila: _____

Samnýting á geymslum með: _____

10. Hvers konar þjónustu þarf safnið/þurfa söfnin á svæðinu frá öðrum aðilum ?
 Forvörslu Kynningu Uppsetningu sýninga Skráningu
 Rannsóknir
11. Hvernig fagfólk starfar á minjasafni/byggða- og sérsöfnum á svæðinu ?
 Sagnfræðingar
 Fornleifafræðingar
 Forverðir
 Önnur menntun
12. Hvernig er skráningu safnmuna háttáð hjá safninu/söfnunum á svæðinu ?
13. Hvar er aðstaða fyrir geymslur safnsins/safnanna ?
14. Er geymsluaðstaða viðunandi næstu 10 ár ?
 Já Nei Veit ekki
15. a) Hefur verið mótuð söfnunarstefna fyrir safnið/söfnin á svæðinu ?
 Já Nei Veit ekki
 b) Hvernig gengur að framfylgja henni?
16. a) Hefur verið mótuð sýningarstefna fyrir safnið/söfnin á svæðinu ?
 Já Nei Veit ekki
 b) Hvernig gengur að framfylgja henni ?
17. Hver eru helstu tækifæri til að efla starfsemi safnsins/minjasafnanna á starfssvæðinu ?
18. Hver er helsti ávinningurinn af starfi safnsins/safnanna á starfssvæðinu ?
19. Hver er helsti veikleiki safnsins/safnanna á svæðinu ?
20. Hver er helsti styrkleiki safnsins/safnanna á svæðinu ?
21. Hversu sterk eru tengsl safnsins/safnanna á svæðinu á eftirtöldum sviðum (merkið við á skalanum 0-10, því hærri tala því sterkari eru tengslin)?
- | | | | | | | |
|---------------------|---|---|---|---|---|----|
| Við menningarlífið: | 0 | 2 | 4 | 6 | 8 | 10 |
| Við ferðaþjónustu : | 0 | 2 | 4 | 6 | 8 | 10 |
| Við skólana: | 0 | 2 | 4 | 6 | 8 | 10 |

Athugasemdir og ábendingar:

Með kærri þökk fyrir svörin,
 Þjóðminjavörður

Fylgiskjal 2 – Fundir

Stutt greinargerð um fundina í skýrslu um stefnumótun:

Fundur Þjóðminjavarðar um safnamál sumarið 2002

Í júní- og júlímánuði árið 2002 hélt Þjóðminjavörður fundi um safnamál og varðveislu menningararfsins á öllum minjasvæðum landsins vegna yfirstandandi undirbúnings að safnastefnu.

Fundir voru haldnir á Ísafirði með Vestfirðingum, í Hafnarfirði með Reykvíkingum og Reyknesingum, í Borgarnesi fyrir Vesturland, á Gauksmýri fyrir Norðurland vestra og Strandir, á Húsavík fyrir Norðurland eystra, á Egilsstöðum með Austfirðingum og að Skógum með Sunnlendingum. Fundirnir voru vel sóttir en til þeirra mættu samtals 99 manns; safnafólk, atvinnu- og ferðamálafulltrúar, sveitarstjórnarmenn, þingmenn o.fl. Vegna þessarar miklu og breiðu þátttöku er óhætt að byggja nokkuð á niðurstöðum fundanna.

Fyrir fundarmenn voru að mestu lagðar sömu spurningarnar, sem þeir svöruðu ýmist eftir hugarflugsaðferð, eða skriflega. Spurt var um:

- hvað skapaði viðkomandi svæði sérstöðu varðandi menningararfinn og helst aðgreindi það frá öðrum svæðum,
- í hverju samstarf við Þjóðminjasafnið skuli felast
- hvernig samstarf safnafólks, í víðri merkingu orðsins, innan svæðisins ætti að vera
- hvaða vaxtarbroddur í safnamálum sé helstur á svæðinu
- hvaða aðkallandi verkefni á sviði safnamála séu helst á svæðinu
- hvað betur megí fara í safnamálum og varðveislu menningararfsins á svæðinu
- hvaða verkefni hafi verið vanrækt á svæðinu

Svör voru mjög á sömu lund á öllum svæðunum og einhugur virtist ríkja meðal safnamanna um land allt í mörgum atriðum.

Samstarf: Á öllum fundum kom fram að samstarf safnafólks innan hvers svæðis væri lítið, sumsstaðar nánast ekkert. Úrbætur í þessu voru taldar aðkallandi og það sem brýnast væri að bæta úr. Margir orðuðu að liðin væri sú tíð að hver væri úti í sínu horni. Svör um innihald þessa samstarfs innan svæða féllu einkum í fjóra dilka:

- daglegt safnastarf (skipti á munum, samvinna um sérfræðiaðstoð, sýningar o.s.frv.)
- starfsmannaskipti, bæði alm. starfsmenn safna og sérfræðingar
- stefnumótun fyrir svæðið (varðandi sérkenni þessi, “safna/sýningar”-slóðir um svæðið, verkaskiptingu aðila á svæðinu)

- markaðssetning (í samvinnu við aðra aðila á svæðinu; ferðamál, atvinnumál, skóla)

Er spurt var um með hvaða hætti samstarfinu skyldi stýrt, voru skoðanir skiptar; sumir nefndu stjórnarnefnd, tilnefnda af sveitarstjórnunum, aðrir umræðuvettvang þar sem allir aðilar héldu fullu sjálfstæði.

Þjóðminjasafn: Afstaða fundarmanna til Þjóðminjasafnsins var undantekningarlítið mjög jákvæð. Þeir vildu njóta aðstoðar safnsins í mörgum efnum; að Þjms. hefði forgöngu um og leiddi stefnumótun, væri faglegur bakhjarl og gæti útvegað sérfræðiaðstoð og samvinnuaðili um munalán og sýningar.

Sérkenni svæða: Um þetta atriði komu fram mörg svör og bæði gagnleg og áhugaverð sjónarmið. Knappur fundartíminn leyfði ekki að umræða um það yrði til lykta leitt og til þess þyrfti nokkuð meiri tíma. Svör við spurningunni um hvað sérkenndi hvert svæði fyrir sig og afmarkaði það frá öðrum svæðum voru fyrst og fremst þrennskönar:

- náttúran – sérstakt náttúrufar – náttúruperlur
- hin mótandi áhrif sem náttúran hafði haft á mannlíf og afkomu, t.d. atvinnuhætti og hlunnindi
- saga og minjar, og þá bæði forn saga og nýrri, sögustaðir, sögulegar framúrskarandi persónur.

Ef leyfist að draga ályktanir af svörunum og umræðum um þetta atriði, þá kom fram hjá mörgum að þetta þrennt yrði að samtvinna. Líðinn væri tími einhæfra safna sem öll væru meira og minna eins. Í stað þeirra yrði að koma heildræn svæðishugsun, þar sem hvaðeina sem áhugavert væri að sýna heimamönnum og gestum styddi hvert annað og félli í einum streng. Því betur sem tækist að flétta þetta þrennt saman, því áhugaverðara yrði svæðið fyrir gesti og því betur tækist því að kynna heimamönnum menningarlegar rætur sínar. Margir nefndu að framtíðarverkefni fælist í að gera “slóð” um svæðið sem tæki til safna, sögustaða og náttúruperlna

Safnastefna: Af niðurstöðum fundanna má draga nokkrar ályktanir um almenn atriði í safnastefnu og hvaða viðmið mætti leggja til grundvallar við afgreiðslu umsókna til safnasjóðs.

Í fyrsta lagi virðist einsætt að stuðla að því að samstarf komist á innan svæða og styðja það.

Í annan stað virðist æskilegt að stuðla að því að á hverju svæði sé unnið frekar að því að skilgreina sérkenni þess; hvað greini það frá öðrum og verkaskiptingu innan og milli svæða hvað varðveislun menningararfsins snertir. Með þessu móti má koma í veg fyrir skörun, endurtekningu hins sama og eins hitt, að tilteknum þáttum menningararfsins sé ekkert sinnt. Um allt land virðist safnafólk, og þeir sem ráða um menningarmál í víðasta skilningi, reiðubúið að takast á við að móta þannig verkaskiptingu, það skynjar nauðsyn hennar og er fullfært um að móta hana, en óskar eftir að Þjóðminjasafnið hafi forystu um þessháttar starf og samhæfi það.

Í þriðja lagi virðist æskilegt að styðja verkefni sem stefna að heildrænni svæðishugsun, slóðum og samþættingu náttúrufars, mannlífs og sögu.

Í fjórða lagi kom fram á öllum svæðum að sárlega skorti sérfræðipækkingu á ýmsum sviðum (t.d. forvörslu), þó svo svæðið e.t.v. beri fjárhagslega ekki

starfsmann á því sviði eða hann sé ekki tiltækur. Safnafólk lítur mjög til Þjóðminjasafnsins um úrlausn í þessu efni, og þar þarf að íhuga hvort og með hvaða hætti sé unnt að bregðast við þessari þörf.

Í fimmta lagi kom fram að safnafólk gerði sér víða vel grein fyrir mikilvægi þess að halda til haga samtímaminjum og skrá samtímann, þó það víki fyrir öðrum verkefnum sem þykja meira aðkallandi sem stendur. Væntanlega væri afar æskilegt að safnasjóðnum yrði beitt í því skyni að hefja starf af þessum toga.

Jón Björnsson

Fylgiskjal 3 - Minjasöfn

Samantekt um íslensk minjasöfn

Samantekt þessi yfir minjasöfn er unnin fyrir stýrihóp um stefnumótun í starfi minjasafna undir stjórn Þjóðminjavarðar. Upplýsingum var safnað á tímabilinu 1996-2002. Örar breytingar eru á starfsemi safna, setra og sýninga og skráning þessi er því stöðugt á vinnslustigi. Hún er notuð hér sem fylgiskjal til að bregða ljósi á „minjasafnaflóru“ landsins.

Minjasöfnum má skipta í þrennt, eftir því hvaða ábyrgð þau bera samkvæmt lögum og hvernig starfsemi þeirra er háttað. Einnig væri hægt að skipta þeim eftir eignaraðild og tala um söfn á vegum ríkisins, söfn á vegum sveitarfélaga, söfn á vegum fyrirtækja og söfn í einkaeign. Hér er fyrri leiðin valin og söfnunum skipt þannig: 1) Byggðasöfn sem starfa fyrir ákveðin svæði eða byggðir og hafa sama hlutverk gagnvart þeim og Þjóðminjasafnið fyrir allt landið. 2) Séröfn sem hafa tekið að sér að safna ákveðnu efni af skilgreindu eða óskilgreindu svæði. 3) Einkasöfn sem lúta ekki opinberum reglum, en eru opin almenningi. Hér eru auk minjasafnanna einnig tíunduð setur og sýningar sem tengjast minjavörslunni.

Ástæða er til að ítreka greinarmun á safni, setri og sýningu. Safn gegnir fyrst og fremst söfnunar, varðveislu-, rannsóknar- og miðlunarhlutverki og er mikilvægur liður í fræðslu- og upplýsingakerfi samfélagsins, s.s. fyrir starf skóla, fræðimanna, fræðasetra, sýninga og ferðaþjónustuaðila. Setur hafa mörg hver ekki skyldum að gegna á sviði söfnunar og varðveislu, en beina athygli að rannsóknnum og miðlun. Yfirleitt þjóða þau upp á sýningar sem tengjast viðfangsefnum þeirra. Þau eru yfirleitt beintengd markaðssetningu í menningartengdri ferðaþjónustu og hafa sprottið upp af nýjungaþörf, til að auka fjölbreytni í afþreyingu með gróðavon í huga. Sýning, sem blasir við gestum, getur verið hluti af starfsemi safns eða seturs, en hún getur einnig verið sjálfstæð rekstrareining.

Sigríður Sigurðardóttir / desember / 2002

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS er höfuðsafn Þjóðminjavörslunnar. Það er byggðasöfnum og öðrum minjasöfnum til ráðgjafar og stuðlar að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu á sviði minjavörslunnar. Þjóðminjasafnið (Þjms.) er deildaskipt safn, með séröfn og sýningar. Sjá Þjóðminjalög nr. 107/2001 um hlutverk safnsins.

Sjóminjasafn er deild innan Þjóðminjasafns. Það er alhliða sjóminjasafn fyrir allt landið.

Nesstofusafn - Læknaminjasafn, er deild innan Þjóðminjasafns. Það safnar heilbrigðisminjum af öllu landinu.

Myntsafn Seðlabanka og Þjóðminjasafns.

Hönnunarsafn Íslands er deild innan Þjóðminjasafns.

Í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands eru nokkur húsanna opin almenningi til sýnis. Þjóðminjasafn kostar gæslu á; **Keldum**, **Víðimýri** og **Þjóðveldisbænum**, en heimamenn hafa tekið að sér rekstur og gæslu í

Glaumbæ, Grenjaðarstað, Bustarfelli og Laufási og byggðasöfn svæðanna hafa sýningar í bæjunum á Grenjaðarstað og Glaumbæ.

Byggðasöfn

Byggðasafn Akraness og nærsveita er með heimilisfang á **Akranesi**

Eig. Akranes og hreppar sunnan Skarðsheiðar. Söfnunarsvæðið er hið sama. Deildaskipt útisafn (þ.e. safnið varðveitir hús á safnsvæði sínu) með sérsýningar, s.s. íþróttasafn, einkasöfnin steinaríki Íslands og safn Landmælinga Íslands. BAn. safnar munum sem hafa gildi fyrir menningarsögu héraðsins, atvinnuhætti og iðnað; tækni-, samtíma- og íþróttaminjum, húsbúnaði, húsum, sjóminjum, ljósmyndum og skjölum. Starfsemi allt árið.

Byggðasafn Borgarfjarðar er með heimilisfang í **Borgarnesi**

Eig. Mýrasýsla og sveitarfélögin norðan Skarðsheiðar í Borgarfjarðarsýslu. Söfnunarsvæðið er hið sama. BB safnar munum tengdum landbúnaði, hlunnindum (laxi, silungi, sel og fugli), verslun, iðnaði (verkstæðum, mjólkuriðnaði), félagslífi, samgöngum, heimilisháttum og heilsugæslu, stjórnsýslu og samtímaminjum. Starfsemi allt árið.

Byggðasafn Snæfellsbæjar er með heimilisfang í **Ólafsvík**

Eig. Snæfellsbær. BSÓ safnar munum, skjölum og ljósmyndum. Sumarstarfsemi.

Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla er með heimilisfang í **Stykkishólmi**

Eig. Héraðsnefnd Snæfellinga. Söfnunarsvæði: Snæfellsnes og Hnappad. Starfsemi allt árið.

Byggðasafn Dalamanna er með heimilisfang á Laugum í **Sælingsdal**

Litlar upplýsingar hafa fengist þaðan. Sumarstarfsemi.

Minjasafn Egils Ólafssonar er með heimilisfang að **Hnjóti**

Eig. Héraðsnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu. Mjög margir munir safnsins tengjast sjósókn. Flugminjasafn Íslands sem er sérsafn er staðsett á Hnjóti og nýtur samstarfs við Minjasafn Egils Ólafssonar. Starfsemi allt árið.

Byggðasafn Vestfjarða er með heimilisfang á **Ísafirði**

Eig. Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur. Söfnunarsvæðið er hið sama. Útisafn. Sjóminjadeild er í Turnhúsinu og sérsýning í Eldsmiðjunni, í Neðstakaupstað. Safnmunir eru í sýningum í Vigur, Ösvör og Rafnseyri við Arnarfjörð. Starfsemi allt árið.

Byggðasafn Húnavetninga og Strandumanna er með heimilisfang að **Reykjum**

Eig. Héraðsnefndir Strandamanna og Austur-Húnavetninga með Húnaþingi vestra. Söfnunarsvæðið er umdæmi þeirra. Sérýning er í Hillebrantshúsi á Blönduósi. BHS safnar munum sem hafa menningarlegt gildi fyrir starfssvæði sitt. Áhersla er lögð á sjósókn, hákarla- og fiskveiðar, landbúnað, hífýli og menningarsögu. Starfsemi allt árið.

Byggðasafn Skagfirðinga er með heimilisfang í **Glaumbæ**

Eig. Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur. Starfssvæðið er umdæmi sveitarfélaganna. Útisafn, sérýningar í **Glaumbæ**, **Hofsósi** og á **Sauðárkróki**. BSk. safnar munum sem tengjast skagfirskri sögu á öllum söfnunarsviðum. Aðeins er þó safnað sjóminjum sem tengjast fuglaveiðum við Drangey. Starfsemi allt árið.

Minjasafn í Ólafsfirði er með heimilisfang á **Ólafsfirði**

Byggðasafn Ólafsfjarðar. Upplýsingar um starfsemi vantar.

Byggðasafn Dalvíkur er með heimilisfang á **Dalvík**

Starfsemi allt árið.

Minjasafnið á Akureyri er með heimilisfang á **Akureyri**

Eig. Héraðsnefnd Eyjafjarðar, Akureyrarbær og KEA. Söfnunarsvæðið er starfssvæði héraðsnefndar. Útisafn, sérýningar. **Iðnminjasafn** er deild í MsA. Starfsemi allt árið.

Byggðasafn Suður-Þingeyinga er með heimilisfang á **Húsavík**

Eig. Héraðsnefnd Þingeyinga. Starfssvæðið er Suður-Þingeyjarsýsla. Sérýningar í Safnahúsinu á Húsavík og í gamla bænum á Grenjadarstað. Safnað er gögnum er snerta verslunar- og félagssögu og samtímaminjum. Byggðasafnið er hluti safnastofnunarinnar "Safnahúsið á Húsavík." Starfsemi allt árið.

Bóka- og byggðasafn Norður-Þingeyinga er með heimilisfang á **Kópaskeri**

Eig. Norður-Þingeyjarsýsla. Söfnunarsvæði er hið sama. Safnar öllu úr N. Þingeyjarsýslu, áhersla er á muni sem tengjast daglegu heimilishaldi. Sumarstarfsemi.

Minjasafn Austurlands er með heimilisfang á **Egilsstöðum**

Eig. Byggðasamlag Hlíðar-, Jökuldals-, Fljótisdals-, Fella-, Tungu-, Hjaltastaða-, Borgarfjarðar-, Skriðdals-, Valla- og Eiðahrepps og Egilsstaðabæjar. Söfnunarsvæði hið sama. Safnar öllu sem tengist menningar og atvinnusögu Austurlands. Starfsemi allt árið.

Byggðasafnið á Neskaupstað er með heimilisfang á **Neskaupstað**

Upplýsingar um starfsemi vantar.

Byggðasafn Austur-Skaftafellssýslu er með heimilisfang á Höfn

Eig. Sveitarfélagið Hornafjörður. Söfnunarsvæði: Austur- Skaftafellssýsla. Lögð er áhersla á að safna munum sem tengjast heimilishaldi, félagslífi, atvinnuháttum, búskap, sjósókn, tækniminjum og iðnaði. Starfsemi allt árið.

Byggðasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga er með heimilisfang í Skógum

Eig. Héraðsnefndir Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga. Söfnunarsvæðið er hið sama. Útisafn, sérsýningar. Safnað er öllu sem viðkemur menningu héraðanna, mest úr gamla bændasamfélaginu. Samgöngusafn er deild í byggðasafninu. Starfsemi allt árið.

Byggðasafn Vestmannaeyja er með heimilisfang í Vestmannaeyjum

Eig. Vestmannaeyjakaupstaður. Söfnunarsvæðið er hið sama. Það safnar öllu um sögu Vestmannaeyja. Starfsemi allt árið.

Byggða- og náttúrusafn Árnesinga er með heimilisfang á Eyrarbakka

Eig. Héraðsnefnd Árnesinga. Söfnunarsvæðið er Árnesþing. Það safnar öllum munum er snerta byggðasögu Árnessýslu, nema búvélum, skipum, verksmiðjuíðnaði, húsum, heilsugæslu, stjórnsýslu, listaverkum, fornleifum og skjölum. Starfsemi allt árið.

Egilsbúð. Bóka- og minjasafn Þorlákshöfn er með heimilisfang í Þorlákshöfn

Eig. Ölfushreppur. Söfnunarsvæðið er Þorlákshöfn. Safnað er sögu og náttúruminum frá Þorlákshöfn og trúarsíðum í Strandakirkju, myndefni, náttúrugripum, örnefnum o.fl. Starfsemi allt árið.

Byggðasafn Reykjanesbæjar er með heimilisfang í Reykjanesbæ

Eig. Reykjanesbær. Sérsýningar í Duushúsi Vatnsnesi, Stekkjarkoti og Innri-Njarðvík. Safnið varðveitir ljósmynda- og filmusöfn, skjöl, sjóminjar og aðrar atvinnuminjar, búshluti og persónulega muni. Söfnunarsvæðið er Reykjanesbær. Poppminjasafn Íslands tilheyrir byggðasafninu. Starfsemi allt árið.

Byggðasafn Gerðahrepps er með heimilisfang í Garðinum

Eig. Gerðahreppur. Upplýsingar um starfsemi vantar

Byggðasafn Hafnarfjarðar er með heimilisfang í Hafnarfirði

Eig. Hafnarfjarðarbær. Starfssvæðið er í bænum og nágrennabyggðunum. Safnar munum er tengjast atvinnu- og hóbýlaháttum með áherslu á leikföng og ljósmyndir. Starfsemi allt árið.

Minjasafn Reykjavíkur er með heimilisfang í Árbæ, **Reykjavík**

Eig. Reykjavíkurborg. Söfnunarsvæðið er Reykjavík og nágrenna-sveitarfélögin. Í Minjasafni Reykjavíkur eru Árbæjarsafn og Viðey ásamt sérsöfnum. Útisafn. Lítil áhersla er á söfnun muna frá landbúnaði, sjávarútvegi, trúmálum, rafmagni, pósti, síma, lyfjafræði og fleiru. Áhersla er lögð á söfnun samtímamínja. Starfsemi allt árið.

Sérsöfn

Búvélasafnið Hvanneyri

Eig. Bændaskólinn Hvanneyri. Hlutverk þess er að segja sögu tæknivæðingar landbúnaðarins frá 1880 - 1960, vera til stuðnings kennslu í Hvanneyrarskóla og fræðslustaður fyrir skóla og almenning. Safnað er af öllu landinu. Sumarstarfsemi.

Sjómannagarðurinn Útnesi, Hellisandi

Eig. Sjómannadagsráð Hellissandi. Söfnunarsvæðið er Hellissandur og nágrenni. Eingöngu er safnað sjóminjum. Sumarstarfsemi.

Hlunnindasafn á Reykhólum

Safnar og sýnir heimildir um hlunnindi úr sjó og af landi, af fugli, fiski, sel, grösom, laugum. Upplýsingar um starfsemi vantar.

Minjasafnið Ósvör

Eig. Bolungarvíkurkaupstaður. Safnað er veiðarfærum og árabátum í Bolungarvík, flestir munir tengjast einum árabát. Sumarstarfsemi.

Minjasafn Búnaðarfélags Önfirðinga, Hjarðardal

Eig. Búnaðarfélag Önfirðinga. Safn tengt kúfiskveiðum og heimilum í Önundarfirði. Upplýsingar um starfsemi vantar.

Verslunarminjasafnið á Hvammstanga

Rekið af Sjálfseignarfélaginu Bardúsu. Heldur utan um verslunarminjar af Hvammstanga. Sumarstarfsemi.

Sjóminja- og munasafn Skagastrandar

Eig. Sjálfseignastofnun. Söfnunarsvæðið er Austur-Húnavatnssýsla. Safnað er munum sem tengjast heimilishaldi, sjóminjum og verslunarminjum. Upplýsingar um starfsemi vantar.

Heimilisiðnaðarsafnið - Halldórustofa, Blönduósi

Eig. Samband húnvetnskra kvenna og Austur-Húnavatnssýsla. Söfnunarsvæðið hið sama. Safnað er textíl og munum tengdum heimilisiðnaði og heimilishaldi. Sumarstarfsemi.

Síldarminjasafnið Siglufirði

Eig. Siglufjarðarbær og Áhugahópur um minjasafn. Söfnunarsvæðið er Norðurland. Útisafn, sérsýningar. Safnað er munum sem tengjast síldarútvegi og vinnslu 1903-1968. Safnið varðveitir einnig muni frá heimilum í hinum gamla Hvanneyrarhreppi. Sumarstarfsemi.

Búvélasafn - Samtök búvélasafnara í Eyjafirði.

Skráir vélar í Eyjafirði. Upplýsingar um starfsemi vantar.

Lækningaminjasafn í Gudmanns Minde á Akureyri.

Safnar lækningaminjum af Eyjafjarðarsvæðinu. Sumarstarfsemi.

Nonnahús, Akureyri

Eig. Zontaklúbbur Akureyrar. Safn tengt minningu Jóns Sveinssonar. Sumarstarfsemi.

Davíðshús, Akureyri

Eig. Akureyrarbær. Safnar öllu sem tengist Davíð Stefánssyni. Sumarstarfsemi.

Sigurhæðir, Akureyri

Eig. Akureyrarbær. Safnar öllu er tengist Matthíasi Jochumssyni. Sumarstarfsemi.

Friðbjarnarhús, Akureyri

Eig. Góðtemplarareglan. Varðveitir minjar tengdar templarareglunni. Sumarstarfsemi.

Munasafnið í Laufási

Eig. Þjóðminjasafn Íslands. Kvenfélag Grýtubakkahrepps safnaði munum til sýninga í Laufási. Minjasafnið á Akureyri sér um reksturinn. Sumarstarfsemi.

Munasafnið á Bustarfelli

Varðveitir muni frá fjölskyldunni á Bustarfelli. Sumarstarfsemi.

Tækniminjasafn á Seyðisfirði

Sýning á síma- og fjarskiptatækjum, lækningaminjum og ljósmyndum. Sumarstarfsemi.

Sjóminja- og vélsmiðjufn J. Hinrikssonar, Norðfirði

Eigendur, markmið, söfnunarsvæði og söfnunarstefna? Upplýsingar um starfsemi vantar.

Sjóminjasafn Austurlands, Eskifirði

Eig. Eskifjarðarkaupstaður. Söfnunarsvæðið er Austurlandskjördæmi. Starfsemi allt árið.

Íslenska stríðsminjasafnið, Reyðarfirði

Eig. Reyðarfjarðarhreppur. Óskilgreint söfnunarsvæði. Safnar munum, myndum, og öðrum gögnum um herlið sem dvaldi hér á landi 1940-1945. Einnig minjum sem sýna líf almennings, þjóðhætti, tíðaranda og tísku á þessum árum. Sumarstarfsemi.

Minjasafnið í Löngubúð, Djúpavogi

Eig. Djúpavogshreppur. Söfnunarsvæðið er óskilgreint. Söfnun muna sem tengjast Ríkharði Jónssyni myndskera og af heimilum í Djúpavogshreppi. Sumarstarfsemi.

Kaupfélagssafnið Hvolsvelli

Lýtur umsjá Sögusetursins á Hvolsvelli. Safnað er húsbúnaði, munum, skrifstofutækjum og ljósmyndum frá kaupfélagsverslunum á Suðurlandi. Upplýsingar um starfsemi vantar.

Rjómabúið Baugsstöðum

Eig. Búnaðarsamband Suðurlands, Byggðasafn Árnesinga og Búnaðarfélag Stokkseyrar- og Villingaholtshrepps. Varðveitir og sýnir muni úr rjómabúinu. Sumarstarfsemi.

Sjóminjasafnið Eyrarbakka

Eig. Eyrarbyggahreppur. Safnar minjum sem tengjast byggðasögu Eyrarbakka með áherslu á sjósókn, verslun, iðnað, félags- og menningarsögu síðustu 100 árin. Sumarstarfsemi.

Minjasafn Mjólkursamsölunnar að Bitruhálsi í Reykjavík

Munir úr eigu og sögu Mjólkursamsölunnar, einkum umbúðir og smærri tæki, myndasafn. Upplýsingar um starfsemi vantar.

Minjasafn Vegagerðarinnar

Eig. Vegagerð ríkisins. Safn verkfæra og véla af öllu landinu. Skrár yfir eldri mannvirki. Töluverð starfsemi. Margir muna safnsins eru í Samgöngusafninu í Skógum.

Minjasafn Orkuveitu Reykjavíkur

Eigandi: Orkuveita Reykjavíkurborgar. Söfnunarsvæðið er starfssvæði veitunnar. Munir tengjast virkjun Elliðaár, rafvæðingu í Reykjavík, virkjun Sogsins og þvottalaugunum.

Fjarskiptasafn Landssímans

Eig. Landssími Íslands. Söfnunarsvæðið er allt landið. Safn með sérstæðar mínjar og skýra söfnunarstefnu. Safnar öllu sem tengist sögu fjarskiptamála á landinu. Starfsemi allt árið

Minjasafn Veðurstofu Íslands

Eig. Veðurstofa Íslands. Starfssvæðið er allt landið. Upplýsingar um starfsemi vantar.

Leikminjasafn Íslands

Stofnendur eru Samtök um leikminjasafn. Sýning er fyrirhuguð 2003.

Minjasafn SVFÍ (Slysavarnafélags Íslands), Garðinum

Markmið, söfnunarsvæði, söfnunarstefna? Upplýsingar um starfsemi vantar.

Kvikmyndasafn Íslands og Ljósmyndasafn Reykjavíkur eru í eðli sínu sérsöfn og mjög tengd minjavörslunni, en þau eru ekki beinlínis skilgreind sem minjasöfn.

Einkasöfn - Opin almenningi

Hér eru örfá dæmi úr þessum hálf ósýnilega safnaheimi og aðeins brotabrot af allri einkasafnaflórunni, sem spannar allt frá frímerkjasöfnum til búvélasafna.

Minjasafn Kristjáns Runólfssonar, Minjahúsinu Sauðárkróki.

Eig. Kristján Runólfsson. Söfnunarsvæðið er allt landið, með áherslu á Skagafjörð.

Safn Kristjáns Jóhannessonar, Reykjum Skagafirði

Eig. Kristján Jóhannesson. Safnar munum, verkfærum og myndum af heimilum vina og vandamanna í Skagafirði, Húnavatnssýslum og víðar.

Samgönguminjasafnið Ystafelli, Köldukinn

Eig. Sverrir Ingólfsson og fjölsk. Söfnunarsvæði óskilgreint. Safnað er bílum, dráttarvélum og flestum öðrum landbúnaðartækjum.

Munasafnið Mánárbakka, Tjörnesi

Eig. Aðalgeir Egilsson Mánárbakka. Söfnunarsvæðið er óskilgreint. Öllu safnað.

Bóka- og minjasafn Nönnu Guðmundsdóttur, Berufirði

Eig. Fjölskylda Nönnu. Engu safnað nú. Dánarbúi.

Minjasafn Egils Ásgeirssonar í Gröf Hrunamannahreppi

Söfnunar- og starfssvæðið er Hrunamannahreppur. Varðveitir muni sem tengjast landbúnaði og heimilisháttum. Engu safnað nú.

Setur og sérsýningar

Setrin bjóða yfirleitt upp á sýningar sem tengjast viðfangsefnum þeirra. Sum hver tengjast minjasöfnunum og víða eru sérsýningar sem einnig tengjast minjavörslunni.

Saltfisksetur Íslands, Grindavík.

Reykholt.

Eiríksstaðir.

Safn Jóns Sigurðssonar, Hrafnseyri.

Strandagaldur. Galdramenn á Ströndum.

Sauðfjársetrið Kirkjubóli á Ströndum.

Vesturfarasetrið á Hofsósi.

Sögusetur íslenska hestsins, Hólum í Hjaltadal.

Jöklasýning á Hornafirði.

Menningarsetur á Kirkjubæjarklaustri.

Brydebúð í Vík í Mýrdal.

Sögusetrið á Hvolsvelli. Á Njáluslóð.

Heklusýning.

Geysisstofa.

Gjáin í Svartsengi.

Fræðasetrið í Sandgerði.

Stofnun Árna Magnússonar.

Þjóðmenningarhúsið Reykjavík.

Vafalaust má bæta fleiru við þennan lista, því söfn og safnvísar eru víða til hjá einkaaðilum og innan stofnana og fyrirtækja, svo sem Safnadeild Ríkisútvarpsins Sjónvarps, Safnadeild Stöðvar 2, Safnadeild Morgunblaðsins og Safnadeild DV.

